

# 64. ÁRSPING HSÍ



**Þinggerð**

**64. ársþing HSÍ  
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
Mánudaginn 12. apríl 2021**

## **1. Þingsetning**

Formaður HSÍ, Guðmundur B. Ólafsson, setti óvenjulegt ársþing HSÍ á sextugasta og fjórða afmælisárinu, þann 12. apríl 2021. Þingið var haldið sem fjarfundur þar sem starfsmenn, stjórnarmenn og þingforseti komu saman á skrifstofu HSÍ en þingfulltrúar tóku þátt rafrænt.

## **2. Kosning þingforseta og varaþingforseta**

Formaður HSÍ bar fram tillögu um Grím Sigurðsson sem þingforseta. Enginn hreyfði við andmælum og tók hann við fundarstjórn þingsins.

Þingforseti steig í pontu og bauð þingfulltrúa velkomna. Hans fyrsta verk var að finna sér varaþingforseta og bar hann fram tillögu um Guðmund B. Ólafsson í það embætti. Enginn hreyfði við mótmælum og taldist hann því réttkjörinn.

## **3. Staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög**

Ársþing Handknattleikssambands Íslands árið 2021 var haldið rafrænt, vegna óvenjulegra aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar Covid-19 faraldursins. Þingforseti staðfesti að hann hafi kynnt sér lög og samþykktir sambandsins og boð á þingið. Hann staðfesti að boðun á þingið væri í samræmi við lög. Vegna óvenjulegra aðstæðna taldi hann rétt að kanna hvort þingfulltrúar væru andvígir því að þingið væri haldið sem fjarfundur en ekki sem hefðbundið þing.

Engin andmæli bárust og þingforseti lýsti þingið því löglegt.

## **4. Kosning þingritara og varaþingritara**

Þingforseti lagði fram tillögu um að Kolbrún Helga Hansen tæki að sér embætti þingritara og að Magnús Kári Jónsson yrði varaþingritari. Engar aðrar tillögur né mótmæli bárust og þingforseti lýsti því yfir að tillögurnar væru samþykktar. Tóku þau þegar til starfa.

## **5. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd**

Tilnefnd voru:

- Anna I. Jónsdóttir
- Gunnar Magnússon
- Kjartan Vídó Ólafsson

Enginn lagði fram athugasemdir eða kom með aðrar tillögur. Lýsti þingforseti því yfir að þau væru því réttkjörinn. Tók nefndin til starfa þegar í stað.

## 6. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs lá fyrir í tölvupósti sem sendur var á alla þingfulltrúa fyrir þingið. Auk þess lá hún fyrir á heimasíðu HSÍ. Í ljósi þess að þingið var haldið sem fjarfundur lýsti þingforseti því yfir að þinggerð síðasta árs hafi verið lögð fram með fullnægjandi hætti. Enginn lagði fram athugasemdir við þinggerð síðasta árs.

## 7. Ávörp gesta

Knútur G. Hauksson, stjórnarmaður ÍSÍ, var gestur þingsins og þingforseti bauð hann velkominn upp í pontu.

Knútur kynnti sig fyrir þinggestum en hann situr í framkvæmdastjórn ÍSÍ með stuðningi frá Handknattleikssambandinu. Hann var áður meðal annars formaður handknattleiksdeildar Fram og stjórnarmaður og síðan formaður HSÍ og þekkir því vel til handknattleikshreyfingarinnar. Hann bar þinginu kveðju frá framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra og þá sérstaklega frá Lárusi, formanni HSÍ, sem hugðist mæta á þingið en komst því miður ekki. Knútur sagði ársþingið vera góðan vettvang hjá ÍSÍ til að þakka fyrir mikið og gott samstarf við starfsfólk og formann handknattleikssambandsins. Það hafi ávallt verið mikilvægt en aldrei eins mikilvægt og á liðnu Covid ári að íþróttahreyfingin sýni samtakamátt sinn.

Árið hafi ekki verið einfalt fyrir íþróttastarfið en með mikilli vinnu og endalausum fundum taldi Knútur að hreyfingin í heild sinni hafi náð frábærum árangri í að ná fjárhagslegum stuðningi til að geta haldið úti sterku íþróttastarfi, þrátt fyrir lokanir og hömlur og önnur úrræði. Styrkir og úrbætur sem íþróttahreyfingunni hafi veitt megi lauslega meta á um það bil 3-4 milljarða. Með samtakamættinum hafi hreyfingin náð að tryggja rekstrargrundvöll íþróttafélaga og sérsambanda á þessum viðsjárverðum tímum. Knútur tók það fram að alltaf megi gera betur og að nauðsynlegt væri að gagnrýnisraddir heyrðust og að öllum steinum væri velt við. ÍSÍ hafi meðal annars verið gagnrýnt fyrir að vera of lin við stjórnvöld til að tryggja íþróttastarfið almennt. Knútur sagði ekkert vera fjarri sannleikanum. Endalausir fundir ÍSÍ og sérsambandanna með sóttvarnaryfirvöldum og ráðuneytum hafi skilað miklum árangri þó að ekki hafi allt náðst fram eins og hreyfingin hefði viljað. Margar ráðstafanir hafi verið ÍSÍ óskiljanlegar og því verður ekki breytt en ÍSÍ hafi hins vegar talið vænlegast til árangurs að berjast fyrir sínum málstað beint við yfirvöld, á fundum með þeim augnlitis til augnlitis frekar en að berjast við þau á opinberum vettvangi. Samtakamáttur íþróttahreyfingarinnar hafi verið mikill og hafi verið hennar styrkur. Knútur var þess fullviss að svo verði áfram sama hvað mönnum finnst um einstaka ráðstafanir.

Að lokum kom Knútur inn á önnur mál. Þrátt fyrir Covid hafi ÍSí, nú sem fyrr, unnið að ýmsum hagsmunamálum íþróttahreyfingarinnar. Sjálfur hafi hann verið í forstöðuhópum sem hafa verið að skoða tryggingamál íþróttafólks. Þau mál séu nú komin í farveg og ÍSí væntir þess að gerður verði einn stór samningur, inn í hvern sérsambönd og íþróttafélög geti gengið. Einnig hafi ÍSí unnið að íþróttamiðstöð og fleiri verkefnum.

Covid-ið hafi verið mjög fyrirferðarmikið hjá íþróttahreyfingunni en tekist hafi að finna lausnir á sem flestum þáttum. Knútur óskaði þingfulltrúum góðs á þinginu og velfarnaðar í framtíðinni. Hann skilaði kærri kveðju frá ÍSí og þakkaði fyrir frábært samstarf.

## 8. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þingforseti bauð Kjartan Vídó Ólafsson upp í pontu til að kynna störf kjörbréfanefndar.

Á ársþingi HSÍ geta setið í heildina 88 þingfulltrúar. Kjörbréfanefnd bærust 60 kjörbréf fyrir þingið. Þar sem þingið að þessu sinni var í formi fjarfundar reyndist erfitt fyrir kjörbréfanefnd að athuga skráningu þingfulltrúa þegar þeir mættu á þingið. Kjartan bað því fulltrúa frá hverju félagu að staðfesta mætingu sinna fulltrúa og hafa samband ef eitthvað upp á vantaði. Þá las hann upp skráningu þingfulltrúa félag fyrir félag.

### Mætt voru:

- Afturelding: Hannes Þór Sigurðarson, Krístrún Kristjánsdóttir, Erla Dögg Ragnarsdóttir, Hanna Björk Halldórsdóttir
- FH: Ásgeir Jónsson, Sigurður Örn Þorleifsson, Sverrir Reynisson, Sigurgeir Árni Ægisson.
- Fjölnir: Davíð Arnar Einarsson, Jarþrúður Hanna, Hans Lillendal Hansson, Magnús Arnarson
- Fram: Bjarni Kristinn Eysteinnsson, Þorgrímur Smári Ólafsson, Magnús Gunnar Erlendsson, Ásbjörn Sveinbjörnsson
- Fylkir: Arna Hrunn Arnardóttir, Ómar Örn Jónsson, Ingvar Örn Ákason
- Grótta: Kári Garðarsson, Ásmundur Einarsson, Kristín Finnbogadóttir
- Haukar: Valdimar Óskarsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson, Herbert Ingi Sigfússon, Sandra Björk Benediktsdóttir
- HK: Guðjón Björnsson, Friðrika Alda Sigvaldadóttir, Daníel Freyr Grétarsson, Guðmundur Ómar Hafsteinsson
- ÍBA: Erlingur Kristjánsson
- ÍBV: Grétar Þór Eypórsson, Pálmi Harðarson, Hilmar Þór Björnsson, Daði Arnþórsson
- ÍR: Sigurður Rúnarsson, Matthías Imsland, Kristján Björgúlfsson, Arnar Freyr Guðmundsson
- KA: Siguróli Sigurðsson, Sævar Pétursson, Haddur Júlíus Stefánsson, Atli Ragnarsson
- Mílan: Einar Sindri Ólafsson

Selfoss: Þórir Haraldsson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Anton Ingi Rúnarson, Ólafur Einarsson  
Stjarnan: Pétur Bjarnason, Lárus Halldórsson, Sigurður Bjarnason, Sófus Gústavsson  
Valur: Theódór Hjalti Valsson, Svala Þormarsdóttir, Páll Grétar Steingrímsson, Eva Gunnarsdóttir  
Víkingur: Helga Birna Brynjólfsson, Hallur Magnússon, Bjarki Eiríksson, Fannar Helgi Rúnarsson

## 9. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Atli Ragnarsson
- Arnar Þorkelsson
- Pálmi Harðarson

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

*Þingheimur samþykkti fjárhagsnefnd.*

Í sameinaða allsherjar- og laganefnd voru tilnefnd:

- Guðjón Björnsson
- Guðmundur B. Ólafsson
- Þórir Haraldsson

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

*Þingheimur samþykkti sameinaða allsherjar- og laganefnd.*

## 10. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, steig í pontu og kynnti skýrslu fráfarandi stjórnar.

Guðmundur byrjaði á því að bera þinginu kveðju frá Júlíusi Hafstein, heiðursforseta HSÍ, sem hefur alltaf mætt á ársþing HSÍ. Vegna þess að þingið var haldið með óvenjulegum hætti gátu heiðursforsetar og gestir því miður ekki mætt. Júlíus skilaði bestu kveðju til þingsins.

Þá upplýsti Guðmundur þingfulltrúa um að breytingar yrðu á stjórn sambandsins. Karl Daníelsson gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og Guðmundur færði honum bestu þakkir fyrir hans framlags til starfs HSÍ og handboltans í áratugi.

Undanfarið starfsár var að mörgu leyti sérstakt og Guðmundur rifjaði upp að gera þurfti hlé á deildarkeppni vorið 2020 og síðan að hætta öllum keppnum áður en tímabilinu 2019-2020 lauk

vegna Covid ástandsins. Guðmundur sagði að starfið á yfirstandandi ári hafi einkennst af samhug. Það hafi jafnframt vakið þónokkra athygli að enginn ágreiningur hafi verið um þær ákvarðanir sem teknar voru sameiginlega í handknattleikshreyfingunni, meðal annars þegar ákveðið var að hætta deildarkeppninni. Það lýsi mikilli samkennd í hópnum og Guðmundur taldi að saman gæti hreyfingin gert góða hluti.

Vandamálin á yfirstandandi tímabili hófust í byrjun janúar en þá voru menn bjartsýnir á að mótið myndi klárast. Hins vegar þegar hin svokallaða fjórða bylgja kom, setti hún allt í lás hjá íþróttahreyfingunni. Guðmundur upplýsti að stjórnin vonaðist hins vegar, miðað við nýjustu fréttir, til þess að létt yrði á takmörkunum í lok vikunnar og þá yrði tekin upp umræða um hvernig leyst yrði úr deildarkeppnunum í framhaldinu. Stjórnin vissi, eftir síðasta formannafund, að skiptar skoðanir væru um það hvernig ætti að ljúka tímabilinu. Guðmundur var samt viss um að góð samstaða næðist þegar þar að kæmi.

Forsvarsmenn HSÍ tóku þá ákvörðun í öllu covid-umstanginu að vera ekki í stjórnarandstöðu gagnvart sóttvarnaryfirvöldum heldur að vera jákvæðir og frekar að vinna með þeim og stjórnvöldum, þrátt fyrir að vera oft á tíðum undrandi á sumum ákvörðunum þeirra. Má þar nefna að vangaveltur um hvers vegna menn gátu fengið að sitja í leikhúsi á leiksýningu en gátu ekki farið á handboltaleik í helmingi stærra húsi. Þrátt fyrir fullt af sambærilegum atriðum ákváðu forsvarsmenn HSÍ að vinna saman í þessum aðstæðum og taldi Guðmundur að sá árangur sem hafi náðst, væri meðal annars út af þeirri samheldni og skilning sem handboltahreyfingin hafi sýnt á þeim einstöku aðstæðum sem voru uppi. Guðmundur sagði að mikil vinna hafi farið fram, þó að hún hafi kannski ekki farið hátt, við að tryggja íþróttafélögunum og íþróttasamböndunum styrki. Eins og Knútur kom inn á áðan var vinnan, við að ná fram viðunandi niðurstöðu um fjármálin, leidd af ÍSÍ og Guðmundur taldi það hafa tekist vel til. Heilmiklir fjármunir hafi komið inn í íþróttahreyfinguna að undanfögnu og bjargað fjárhagi sumra félaga og sambanda. HSÍ hafi lagt sitt á vogarskálarnar í baráttunni og gætt hagsmuna sinna til að ná fram ákveðinni niðurstöðu og Guðmundur taldi að handboltahreyfingin ætti að þakka fyrir það sem fengist hafi frá stjórnvöldum til áframhaldandi íþróttastarfs. Eins og gefur að skilja hafi farið mikill tími í allt umstangið í kringum covid og alls konar spurningar hafi komið upp, í hverjum skrifstofa HSÍ hafi þurft að vinna. Komu landsliða þurfti að undirbúa með einstökum hætti og skipuleggja þurfti mjög flókin ferðalög. Guðmundur taldi að starfsfólk HSÍ, sem ekki væri fjölmennt, hafi unnið þrekvirki við því að halda starfinu gangandi og því bæri að þakka. HSÍ væri mjög vel mannað, allir hafi staðið sem einn og samheldnin á skrifstofunni væri engri lík.

Guðmundur fjallaði um góðan fjárhag sambandsins. Góð afkoma skýrist fyrst og fremst af því að HSÍ hafi haldið tekjum sínum að stórum hluta þrátt fyrir erfitt ástand. Tekist hafi að halda vel í styrktaraðila sambandsins, fengist hafi styrkir gegn auknum kostnaði og dregið hafi úr kostnaði vegna færri landsleikja í öllum flokkum. Þá sagði hann að Arnar færi betur yfir fjárhaginn seinna á þinginu en að mikilvægt væri að sambandið gerði sér grein fyrir því að þrátt fyrir hagstæða afkomu þá hafi margt verið látið bíða sem klára þurfi seinna.

Á síðasta starfsári var lögð fram heilmikil vinna og framlag til þess að þrýsta á stjórnvöld og fá fram byggingu þjóðarleikvangs fyrir landsliðið. Sú vinna hefur gengið mjög hægt, að sögn Guðmundar, en lögð var fram skýrsla sem sýni fram á að hér er vel hægt að búa til völl sem tekur 5-8.000 manns. Jafnframt sýni skýrslan að vel er hægt að reka slíkan þjóðarleikvang á Íslandi. Eins og málið stendur á þessum tímapunkti, sagði Guðmundur, er nýr þjóðarleikvangur ekki inni á fjárhagsáætlun hjá ríkisstjórn. Verkefnið sé samvinnuverkefni milli ríkis og borgar og það hafi ekki fengist svarið við því hvernig menn ætli að skipta þeim stofnkostnaði sem þarna liggja og menn hafi heldur ekki alveg klárað hvernig fer með rekstrarkostnaðinn. Guðmundur sagði það vera algjörlega ljóst í sínum huga að svona þjóðarleikvangur geti staðið undir sér. Það væri til dæmis hægt að sjá á rekstri Egilshallar. Sú eining gengi mjög vel og því taldi Guðmundur að hugsa þyrfti upp nýjar leiðir, í bæði fjármögnun á verkefninu og á rekstrinum. Þá sagðist hann telja það vænlegast að leita til einkaaðila við reksturinn. Reynsla væri af því við Egilshöll og Laugardalshöll. Þar væru rekstraraðilar og því ætti nýr þjóðarleikvangur að geta orðið að veruleika. Næsta hlutverk handknattleikshreyfingarinnar í því verkefni væri að ýta á eftir því að útbúa hugsanlega leiðir, það er opna á leiðir sem geta auðveldað ríki og borg að taka ákvörðun.

Helstu verkefni HSÍ á næstu árum snýr að útbreiðslu handboltans, að sögn Guðmundar. Sambandið verði að fara að huga að fjölgun liða og handboltanum á landsvísu. Fjölga þurfi bæjarfélögum sem taka þátt og HSÍ verði að eiga frumkvæði að því í samvinnu við félögin sem eru fyrir. Veita þurfi félögum hjálparhönd og koma því þannig fyrir að þau geti tekið þetta að sér sem samstarfsverkefni. Einnig þurfi við að huga að útbreiðslunni varðandi iðkendur og halda því merki á lofti að fjölga iðkendum. Farið var í verkefni undir slagorðinu *Breytum leiknum*, þar sem einkum var höfðað til ungra stúlkna. Verkefnið fór vel af stað en stoppaði svolítið út af covid en Guðmundur sagði þetta verkefni sem þurfi að halda áfram með, til að auka útbreiðsluna.

Annað stórt verkefni að sögn Guðmundar er að horfa á leiðir til að koma handboltanum, og íþróttum almennt, til neytenda, það er til áhorfenda. Miðað við þá þróun sem hafi orðið í sjónvarpsmálum, þurfi að huga að því af alvöru hvernig þessum sjónvarpsmálum verði háttáð og kynnast þeirri tækni sem standi til boða. Stjórnin muni beyta sér fyrir því að afla allrar þeirrar þekkingar sem hún getur til þess að geta tekið ákvörðun um það með félögunum hvernig hreyfingin vilji haga þessum sjónvarpsmálum til framtíðar.

Að lokum sagði Guðmundur: „Ágætu félagar, framtíðin er björt, hvort sem horft er til landsliða eða áhuga á íþróttinni en við þurfum að vera tilbúin að takast á við nýjar áskoranir til að halda merkjum handboltans á lofti.“ Þá sagði hann að á næsta ári væru um 100 ár frá því að handboltinn kom til Íslands. Valdimar kom frá Danmörku þaðan sem hann lagði stund á íþróttakennslu og lærði handknattleik. Hann hreyfst af íþróttinni og hóf æfingar hér á landi árið 1922. Hann lagði fyrst áherslu á að kenna menntaskólanemum íþróttina og kom síðan á keppni á milli reykvískra menntaskólanema og menntaskólanema í Flensborg og það eru fyrstu keppnirnar í handboltanum á Íslandi. Hafnfirðingarnir kepptu á móti Reykvíkingum undir stjórn Hafsteins Geirssonar. Út frá kennslu Valdimars í menntaskólunum þróaðist handboltinn og hófst keppni í honum nokkru síðar.

Guðmundur lagði áherslu á að það væri „okkar“ verkefni, það er stjórnar, þínfulltrúa og annarra sem koma að handboltanum í dag, að halda því góða starfi áfram. Það væru orðin hundrað ár síðan og íþróttin hafi fest svo í hugum landsmanna að allir kalli hana þjóðaríþrótt og landsliðið, strákana okkar og það væri „okkar“ hlutverk að halda þessu gangandi núna næstu áratugin á eftir. Þannig að verkefnið væri stórt.

Þá óskaði Guðmundur þingfulltrúum góðu þingi og málefnalegum umræðum um þær tillögur sem að lágu fyrir og þakkaði fyrir sig.



## Skýrsla stjórnar HSÍ

63. ársþing HSÍ val haldið í Laugardalshöll miðvikudaginn 10. júní 2020.

Engin breyting var á stjórn HSÍ, þau Arnar Þorkelsson, Reynir Stefánsson, Guðríður Guðjónsdóttir og Kristín Þórðardóttir fengu áframhaldandi umboð til stjórnar. Í varastjórn voru kosin þau Alfreð Örn Finnsson, Daði Hafþórsson og Inga Lilja Lárusdóttir.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 14 formlega fundi en þar fyrir utan voru haldnir 6 fundir með formönnum aðildarfélaganna.

Verkefni skrifstofu HSÍ hafa eðlilega breyst vegna Covid-19, verkefni tengd yngri landsliðum voru mun færri en áður en að sama skapi fór mikil vinna í reglur og leiðbeiningar tengdar faraldrinum. Þar þurfti m.a. að margræða upp Íslandsmóti og bikarkeppni í öllum flokkum auk ýmissa annarra verkefna. Í heildina hefur starfsemin gengið vel og reksturinn í góðu jafnvægi. Starfsfólk skrifstofu á hrós skilið fyrir bregðast vel við breyttum aðstæðum og leysa sína vinnu í samvinnu við hreyfinguna.

Heimfaraldurinn hefur ekki farið framhjá neinum undanfarið ár og handknattleikshreyfingin hefur ekki farið varhluta af því. Faraldurinn hefur haft mikil áhrif á mót vetrarins og þegar þessi orð eru rituð er enn ekki ljóst hvenær hægt verður að ljúka keppnistímabilinu. Skrifstofa HSÍ ásamt aðildarfélögum vinna hörðum höndum að því að finna lausnir en alltaf erum við þó háð því hvenær við fáum að hefja leik að nýju. Við stefnum þó að því að krýna bæði Íslands- og bikarmeistara áður en keppnistímabilinu lýkur og vonandi fá þessi mál farsæla lausn.

Þetta hefur haft mikil áhrif á rekstrargrundvöll íþróttafélaganna sem og umhverfi íþróttafólksins okkar. Þó svo að ýmsar lausnir hafi verið fundnar á vandamálum verðum við að passa vel uppá fólkið okkar næstu misserin. Íþróttahreyfingin hefur staðið saman undir forustu ÍSÍ að skapa samstöðu við yfirvöld vegna sóttvarna og að fá styrki til rekstrar þegar að kreppir. Stjórnvöld hafa sýnt íþróttahreyfingunni skilning við þessar aðstæður og veitt styrki sem hefur gert félögum kleift að halda uppi starfsemi. Fyrir það bera að þakka.

Fræðslustarf hefur einkum miðast að halda utan um þjálfaramenntun. Töluvert fleiri hafa tekið þátt í þjálfaranámskeiðum HSÍ eftir að námið var fært í fjarnám sl. vor. Námsfernið var að mestu unnið af okkar færustu þjálfurum sem lokaverkefni á Mastercoach námskeiði. Sambandið mun áfram vinna að því að halda slík námskeið og efla menntun íslenskra þjálfara sem hafa gert það gott undanfarin áratug. Við höfum nú á að skipa mörgum þjálfurum sem starfa í útlöndum og eru m.a. að þjálfra sterk landslið. Alls verða fjórir íslenskir þjálfarar á Ólympíuleikunum í Japan í sumar; Alfreð Gíslason (Þýskaland), Aron Kristjánsson (Bahrein), Dagur Sigurðsson (Japan) og Þórir Hergeirsson (Noregur).

Fimm lið skráðu sig í Evrópukeppni síðast liðið haust, það voru karlalið Vals, FH og Aftureldingar og kvennalið Vals og KA/Þórs. Þegar faraldurinn fór aftur af stað í haust var þó snarlega hætt við þátttöku í góðu samráði við EHF. Þó að lítið hafi orðið úr þátttöku í ár en það er von okkar að þessi góða skráning í Evrópukeppni haldi áfram næstu ár.

Sambandið hefur lagt mikla vinnu í að þrýsta á byggingu þjóðarleikvangs fyrir inniþróttir. Fulltrúar sambandsins komu að gerð skýrslu sem sýndi að kostnaður og rekstur á slíku mannvirki er raunhæfur og vel rekstrarhæfur. Reykjavíkurborg og menntamálaráðherra hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga en nauðsynlegt er að fá trygga aðkomu ríkisvaldsins að verkefninu. Það voru því mikil vonbrigði er kom í ljós að ekki var gert ráð fyrir þjóðarleikvangi á fjárhagsáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára. Í ljósi þess er nauðsynlegt að skoða af mikilli alvöru aðkomu einkaaðila að þessu verkefni.

Framtíð handboltans er björt en það liggur fyrir að næstu verkefni hljóta að snúa að útbreiðslu handboltans bæði hvað varðar að fá fleiri félög út á landi til samstarfs sem og að fjölga ungum iðkendum og þá einkum stúlkum. Við höfum veturinn á atakinu „Breytum leiknum“ og fylgdum því eftir með „Komdu í handbolta“ samhliða HM í janúar. Þetta er bara byrjunin, við ætlum okkur að sjálfsögðu meira þegar veiran verður komin í baksýnispegilinn. Það gerum við með öflugum innra starfi félaganna og fjölbreyttu félags og íþróttastarfi með stuðningi HSÍ.

## **A landslið karla og kvenna**

Strákarnir okkar tóku þátt á HM í Egyptalandi í janúar og enduðu þar í 20. sæti. Eftir að liðið lenti í 2. sæti í sínum riðli töpuðust allir leikir í milliriðli með litlum mun. Niðurstaðan vonbirgði en þó verður að horfa til þess að sterka pósta vantaði í liðið. Þá hefur íslenska liðið leikið 3 leiki af 6 í undankeppni EM 2022, eftir tvo heimasigra en tap á útivelli gegn Portúgal er staðan í riðlinum nokkuð vænleg. Þess ber þó að geta að Covid faraldurinn hefur haft mikil áhrif á æfingar og keppni landsliðsins og kostnaður er töluvert meiri en áður.

Öllum leikjum A landsliðs kvenna á árinu 2020 var frestað vegna Covid, liðið náði þó að æfa saman í 2 viku sl. sumar en næst kom liðið ekki saman fyrr en í febrúar. Þá var stórt verkefni framundan, forkeppni HM sem fór fram í Makedóníu í mars. Stelpurnar okkar lentu í miklu mótlæti í fyrsta leik þar sem meiðsli lykilmanna settu strik í reikninginn en snéru bökkum saman og unnu tvo góða sigra eftir það sem tryggði sæti í umspili um HM. Liðið mætti Slóveníu í umspilsleikjunum í apríl og verður gaman að sjá hvar liðið stendur gagnvart þjóð sem er reglulega inni á stórmótum.

## **Yngri landslið**

Eftir sögulega stórt sumar yngri landsliðanna árið 2019 varð lítið úr sumrinu 2020 vegna Covid-19. Öllum mótum á vegum EHF en nágðannar okkar í Færeyjum buðu okkur í heimsókn og þangað fóru því u-18 og u-16 ára landslið kvenna, kærkomin verkefni á erfiðum tímum.

Í samanburði við nágrannaþjóðirnar þá spilum við fáa unglingslandsleiki og því megum við illa við því að missa út heilt sumar. Við þurfum því að halda vel á spilunum þegar alþjóðaboltann fer aftur á fulla ferð, liðin okkar eru skráð til leiks í Evrópukeppnir í sumar og er það von okkar allra að þær keppnir fari fram með eðlilegum hætti.

## **Íslandsmót - OLÍS og Grill66 deildirnar**

Eins og undanfarin ár er OLÍS samstarfsaðili HSÍ þegar kemur að Íslandsmótunum í meistaraflokki.

Deildirnar fóru af stað í byrjun september og var leikið fram í byrjun október þegar æfinga- og keppnisbann tók við. Leikar hófust á nýjan leik um miðjan janúar og hefur verið þétt leikið síðan enda markmiðið að klára bæði Íslandsmót og bikarkeppni. Keppnin hefur verið skemmtileg, fjölmargir jafnir og spennandi leikir og fátt skemmtilegra en að fylgjast með frábærum handbolta nánast á hverju kvöldi. En því miður þurftum við aftur að taka hlé í lok mars og þegar þessi orð eru skrifuð er óljóst hvenær má spila handbolta á nýjan leik. Það er þó von okkar að bæði verði hægt að klára deild og úrslitakeppni.

Sömu sögu er að segja af næstefstu deildunum karla og kvenna, Grill66 deildirnar hófust á tilsettum tíma en æfinga- og keppnisbann hefur sett stóran svip á keppnistímabilið. Eins og í Olísdeildunum er stefnan að klára bæði deild og umspil en það verður að sjálfsgöðu gert í samstarfi við félögin.

Stöð 2 Sport sýndi frá fleiri leikjum í Olísdeildunum í ár heldur en fyrri ár auk þess að vera með uppgjörsþátt eftir hverja umferð. Þá hefur stöðin einnig sýnt frá Grill66 deildinni sem er nýlunda. Vísir.is verið með mikla umfjöllun um handbolta, bæði klippur úr leikjum og beinar textalýsingar. Morgunblaðið, mbl.is og RÚV hafa einnig staðið sig vel í sinni umfjöllun. Ekki má gleyma hlut hlaðvarpanna sem eru enn að styrkjast, bæði er fjallað um keppnir hér heima en það má einnig finna fjölmörg viðtöl við handboltamenn þar sem fjallað eru um ferilinn. Netútsendingar félaganna hafa færst uppá næsta stig í framhaldi af áhorfendabanni á kappleikjum. Fleiri félög sýna nú frá leikjum jafnt í meistaraflokki sem og í yngri flokkum, metnaðurinn er mikill og ber að hrósa félögunum fyrir þetta framtak.

Rétt er að minnast á vefinn handbolti.is sem hefur gjörbreytt umfjöllun um handbolta hér heima undanfarið ár, Ívar Benediktsson hefur skrifað um handbolta í áráraðir og þekking hans á leiknum og öllu umhverfi handboltans vegur þungt þegar kemur að vef sem eingöngu fjallar um handknattleik. Þarna hefur Ívar unnið frábært starf og stöndum við í þakkarskuld við hann fyrir sína umfjöllun í vetur, vonandi er þessi vefur kominn til að vera.

## **Coca-cola bikarinn**

Coca-cola bikarinn hefur ekki farið varhluta af faraldrinum, 2 leikir hafa verið spilaðir í 32 liða úrslitum karla og nokkrir leikir í bikar yngri flokka. Eins og í deildarkeppninni er það von okkar að hægt verði að klára bikarkeppnina, úrslitahelgi Coca-Cola bikarsins er alltaf stærsta handboltahelgi ársins með glæsilegri umgjörð í boði Coca-Cola og því viðburður sem við viljum alls ekki missa af.

## **Samstarfsaðilar**

Sambandið vil þakka þeim samstarfsaðilum sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar í ár, á því byggist reksturinn og er stuðningurinn ómetanlegur bæði fyrir HSÍ sem og handboltahreyfinguna.

*Guðmundur B. Ólafsson*  
Formaður HSÍ

## Skýrsla markaðsnefndar HSÍ

Nefndina skipar Jón Viðar Stefánsson en öll mál markaðsnefndar eru unnin með Róberti Geir Gíslasyni framkvæmdastjóra HSÍ og Kjartani Vído Ólafssyni markaðsstjóra HSÍ.

### Mönnun nefndarinnar

Ætlunin var að hafa nefndina skipaða 3 einstaklingum, bæði körlum og konum. Búið var að ræða við 2 einstaklinga um að koma í nefndina en þegar á reyndi fóru þau bæði til annarra starfa sem gerði þeim ókleift að starfa í markaðsnefnd HSÍ. Ætlunin er að bæta við 2 einstaklingum í nefndina í sumar og fyrir næsta tímabil verður nefndin því 3ja manna nefnd sem vinnur náð með framkvæmdastjóra og markaðsstjóra HSÍ.

### Helstu verkefni

Líkt og árið 2019 var áfram unnið hörðum höndum að því að gera ásýnd HSÍ sterkari með það að markmiði að bæta ímynd sambandssins enda hefur ekki verið ráðist í slíka vinnu undanfarna áratugi. Farið varið í þá vinnu að skoða merki HSÍ sem hefur verið óbreytt frá stofnun HSÍ. Drög að nýju merki HSÍ liggja nú fyrir og var það unnið af auglýsingastofunni H:N Markaðssamskipti. Að skipta út merki er hins vegar stór ákvörðun og því þarf að undirbúa þá vinnu vel áður en farið er af stað. Þetta ár verður notað í þá vinnu og stefnt er því að nýtt merki HSÍ líti dagsins ljós í ársbyrjun 2022.

Stærsta verkefni núverandi stjórnar er annars vegar nýliðun í handboltann, ekki síður en baráttan gegn brottfalli. Við þessu viljum við bregðast og því var ráðist í tvö stór verkefni á árinu.

### Breytum leiknum

HSÍ fór því af stað með átakið #BreytumLeiknum til þess að breyta gömlum og úreltum viðhorfum innan íþróttahreyfingarinnar gagnvart ungum stúlkum í upphafi Olís deildarinnar tímabilið 2020/2021.

Markmiðið með átakanu var að skapa heim þar sem stelpur eru sjáanlegar í íþróttasamfélaginu og eiga sér sterkar og mikilvægar fyrirmyndir. Með þessu vildi HSÍ yta undir iðkun ungra stúlka bæði með meiri umfjöllun og betri umgjörð. Markmið okkar fól einnig í sér að bæta ímynd kvennahandboltans og landsliðsins og fá fleiri ungar stelpur til þess að byrja að æfa handbolta, og stunda íþróttir lengur.

Framleidd var sjónvarpsauglýsing, auglýst á strætó skiltum, led skiltum á landsleikjum ásamt efni fyrir samfélagsmiðla sem aðildarfélög HSÍ deildu og notuðu á sínum miðlum. Í gegnum facebook síðu HSÍ horfðu yfir 80.000 á myndbandið og deilingar á því fóru yfir 400 sem er frábær árangur fyrir herferðina.

Verkefnið var styrkt af Olís, Félagsmálaráðaneytinu, ÍSÍ og Íþróttasjóði Ríkissins

## Komdu að æfa handbolta

Markmiðið með áttakinu að fjölga iðkendum og sýna að allir hafi kost á að prófa handbolta hjá félagi í þínu nærumhverfi. Landsliðsfólk okkar og aðildarfélög HSÍ lögðu sitt lóð á vogaskálarnar og gerðar voru auglýsingar bæði fyrir sjónvarp og samfélagsmiðla sem keyrðar voru í janúar á meðan á HM í handbolta stóð yfir. Tókst þetta afar vel og með markvissri vinnu fjölgum við nýliðum í handbolta, ásamt því koma í veg fyrir brottfall. Yfir 15.000 smelltu á auglýsingarnar og fóru á lendarsíður aðildarfélaga þar sem æfingartími þeirra var auglýstur.

Nettó kom að áttakinu og styrkti verkefnið myndarlega ásamt framlagi frá HSÍ.

Þessar tvær stóru herferðir náðu til 140.000 manns, (reach) með næstum því milljón í impressions og yfir 161.000 áhorf á myndböndin samanlagt.

## Samstarfsaðilar HSÍ

Líkt og árið 2020 er árið 2021 er mikið endurnýjunarár í samstarfssamningum, þ.e. mikið af samningum við okkar helstu samstarfsaðila renna út og þarfnast endurnýjunar. Hluti af þeirri vinnu sem nú er unnin í tengslum við ímyndarmál félagsins er að útbúa kynningarefni fyrir okkar samstarfsaðila en þar er farið yfir hvað sé fengið með því að vera samstarfsaðili HSÍ. Það má með sanni segja að endurnýjun samstarfssamninga í miðjum alheimsfaraldri sé krefjandi. Samstarfsaðilar okkar hafa þó staðið með handboltahreyfingunni á Ísland, hafa fulla trú á verkefninu og þeim tengingum sem við höfum upp á á bjóða og undirritað nýja samstarfssamninga. Nettó og Ísey skyr gerðu samstarfssamninga við HSÍ á síðasta ári ásamt því endurnýjaðir voru samningar við nokkra af okkar stærstu bakhjörllum. Flestir samstarfsaðila HSÍ í dag eru fyrirtæki sem hafa starfað náið með HSÍ í fjölda ára og flest verið í yfir áratug áberandi bakhjarlar HSÍ.

## Deildar og bikarkeppni

Markaðssetning á Olís- og Grill deildunum og Coca Cola bikarnum er unnin í nánu samstarfi auglýsingastofum Olís og Coca Cola. HSÍ framlengdi á árinu samning sinn við Olís og verða þeir bakhjarlar deildarkeppni HSÍ áfram til ársins 2023 og er það mikið fagnaðarefni. Samhliða þeim samningi var framlendur sjónvarpssamningur við Sýn og verður Olís deildin áfram á Stöð 2 Sport. Seinni bylgjan bætti við kvennapætti eftir hverja umferð Olís deildar kvenna og eykur það umfjöllun um kvannahboltann okkar til muna og er það fagnaðarefni.

## HM 2021

Sýnileiki handboltans á Íslandi var, líkt og áður, mikill í janúar 2021 þegar HM fór fram í Egyptalandi. Mikil spenna var fyrir mótinu enda kröfur gerðar til liðsins og heimsfaraldur varð til þess að áhorf á leikina var afar mikið. Auk þess gáfum við verulega í með fréttum af liðinu í gegnum samfélagsmiðla. Þetta tókst afar vel, enda mikið um fréttir og myndir frá mótinu og strákunum okkar sem fylgjendur sambandsins á samfélagsmiðlum tóku afar vel í. Í þeim ferðatarkmörkunum sem ríktu og ríkja enn, var það erfitt fyrir hina hefðbundnu fjölmiðla að senda fulltrúa sína á mótið í Egyptalandi og því þurfum við að vinna þessa vinnu sjálf.

## **Netverslun HSÍ**

HSÍ hefur frá árinu 2018 rekið netverslun með landsliðstreyjum HSÍ. Salan í gegnum netverslunina síðustu ár hefur verið mjög góð og vaxandi. Síðasta ár einkendist í sölu á treyjum af því að engir áhorfendur fóru á HM í Egyptalandi og hafði það töluverð áhrif á sölu. Til skoðunar er að fjölga vörum þar inni á næstu mánuðum og efla netverslunina enn frekar.

## **Heimasíða**

Heimasíða HSÍ var tekin til gagngerar endurskoðunar á árinu og var útliti og virkni hennar breytt umtalsvert. Áfram verður unnið í því að efla síðuna á næstu mánuðum og verður sú vinna unninn jafnt og þétt til að halda í við nýjustu möguleika á birtingu fréttu, úrslita og öðrum upplýsingum á heimasíðunni.

## **Samfélagsmiðlar**

HSÍ hefur að skipa öflugum samfélagsmiðlum og á facebook er síða sambandssins mjög virk ásamt því að Stelpurnar okkar og Strákarnir okkar eru með sér síður. Twitter, Youtube og Instagram eru einnig öflugir miðlar sem sambandið notar mikið.

Í tengslum við fyrstu bylgju covid-19 þá tók landsliðs fólk HSÍ að sér að sjá um heimaæfingar fyrir iðkendur okkar og fóru yfir 30 mismunandi æfingar inn á samfélagsmiðla. Áhorfið var gott og frábært að fá okkar landsliðsfólk til að sýna fram á æfingar til að viðhalda handboltaæfingum í æfingabanni.

## Skýrsla dómara nefndar 2021

### Starfið í vetur

Starfsmaður dómara nefndar á skrifstofu HSÍ var Magnús Kári Jónsson og er honum þakkað ánægjulegt og mjög gott samstarf í vetur.

Líkt og áður fer starf dómara nefndar að mestu fram í gegnum tölvupóst og síma en heimsfaraldur Covid-19 kom í veg fyrir hefðbundna fundi nefndarinnar og hafði einnig töluverð áhrif á önnur störf dómara og eftirlitsmanna. Helstu verkefni dómara nefndar hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár; umsjón með niðurröðun dómara, fundir með deildardómurum og eftirlitsmönnum, skipulagning dómara námskeiða, námskeið fyrir ritara og tímaverði, samskipti við þjálfara og félög auk ýmissa minni verkefna.

Gott samstarf hefur verið við þjálfara og forráðamenn í efstu deildum og ber að hrósa þeim fyrir málefnalega umræðu og gott samstarf. Öll samskipti þjálfara og dómara hafa farið í gegnum skrifstofu HSÍ eins og undanfarin ár.

### Undirbúningur og haustfundur

Undirbúningur dómara hófst í júní með eigin æfingum en æfingum dómara sem stóð til að hafa í ágúst þurfti að fresta vegna faraldursins. Eins og áður þurftu dómara að dæma a.m.k. fimm æfingaleiki áður en Íslandsmótið hófst.

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna fór fram þriðjudaginn 1. september með óhefðbundnu sniði þar sem hópurinn gat komið saman vegna samkomutakmarkanna. Því var um fjarfund að ræða þar sem dómara nefnd fór yfir áherslur vetrarins. Tvisvar var boðað til þrekprófs nú í haust en faraldurinn gerði það að verkum að þeim þurfti báðum að fresta. Að endingu var dómurum gert að skila inn tímum í 12mín hlaupi (e. cooper-test) en eftir því sem leið á haustið buðu aðstæður ekki uppá frekari hlaup utandyra. Dómara fengu undanþágu til að æfa saman í janúar og voru þá æfingar tvisvar í viku undir stjórn Kristjáns Halldórsson. Þeim æfingum lauk með þrek- og hraðaprófi en allir dómara þurftu að hlaupa bæði Yoyo- og T-test. Kunnum við Kristjáni Halldórssyni bestu þakkar fyrir aðstoð við þjálfun og þrekpróf dómara.

Janúarfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn 11. janúar og var þar einnig um að ræða fjarfund. Eitt af því sem faraldurinn skilur eftir sig hjá okkur eru margskonar lausnir við fundarhöld og annað sem getur komið sér vel í framtíðinni.

Eins og gefur að skilja hefur heimsfaraldurinn einnig haft mikil áhrif á störf dómara. Það er ekki auðvelt koma tilbaka inná völlinn eftir margra mánaða stopp, auk þess sem álagið hefur verið með mesta móti nú í vor. Það má lítið sem ekkert útaf bregða þegar það kemur að því að manna leiki sem leiðir huga okkur en og aftur að nýliðun í dómara stéttinni. Við viljum því hvetja félögin til að halda áfram að hugsa líka til framtíðar í sínum dómaramálum.

## Áherslur vetrarins

Eins og á síðastliðnu ári var einum af áherslum vetrarins að taka hart á ögrandi framkomu leikmanna eftir leikbrot, sem hefur auðveldað störf dómara undanfarin tvö keppnistímabil. Þá var einnig tekin fyrir bekkjarstjórnun, samskipti, agaskýrslur, leikaraskapur og ruðningur. Hér er fyrst og fremst verið að leita eftir samræmi milli dómarapara, við eigum nokkur pör sem eru í fremstu röð og það er mikilvægt að reynsluminni pörin læri hratt og vel af þeim.

Óvissa er með framhald Íslandsmóts og bikarkeppni þegar þetta er skrifað en til stendur að halda dómarafund fyrir úrslitakeppni í deild og bikar þar sem farið verður yfir það vel hefur gengið og hvað má laga.

## Dómaranámskeið

Sl. vor var A-stigs dómaranámskeiðinu komið á stafrænt form. Þá las Bóas Börkur Bóasson námskeiðið inn á myndband en hann hefur séð um námskeiðin undanfarin 5 ár og sýnt mikinn dugnað í þeim störfum. Við kunnum Bóasi bestu þakkir fyrir sín störf við dómaranámskeiðin undanfarin ár.

Síðan þá hefur A-stigið verið í boði sem fjarnámskeið og hefur félögunum staðið það til boða. Heldur minna hefur verið af námskeiðum í ár heldur en undanfarin ár og er þar helst um að kenna samkomutakmörkunum á landinu en nánast allt starf lá niðri frá október og til áramóta.

Fimm nýir C-stigs deildardómarar hafa verið útskrifaðir frá síðasta ársþingi; Vilhelm Gauti Bergsveinsson og Hákon Bridde frá og HK, Haraldur Þorvarðarson frá Fram, Ómar Örn Jónsson frá Fylki og Siguróli Magni Sigurðsson frá KA.

Undanfarin ár hefur okkur orðið tíðrætt um skort á C-stigs dómurum, sem betur fer hefur aðeins ræst úr en það eru þá helst leikmenn sem hafa lagt skónna á hilluna sem ganga í störf dómara. En vantar okkur að ala upp yngri dómara og þar treystum við á félögin, þau þurfa að sinna sínum dómurum vel og koma þeim á framfæri við dómaranefnd HSÍ.

## Ritarar og tímaverðir

Haldin voru tvö námskeið og voru þau bæði í fjarfundarformi. Mikilvægi ritara og tímavarða er alltaf að verða meira og starfið viðameira eins og reynslan sýnir okkur frá leikjum vetrarins. Mikilvægi þess að hafa hæft fólk í þessum störfum verður alltaf meira og meira eftir því sem leikurinn verður hraðari. Þess ber einnig að geta að dómarar sem hafa B- eða C- stigs réttindi mega einnig starfa á ritaborði í leikjum í meistaraflokki. Rétt er að benda á að sækja þarf námskeið annað hvort ár til að viðhalda réttindum. Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda frá hverju félagi sem hefur sótt námskeið fyrir ritara og tímaverði undanfarin ár.



Félag:	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Afturelding	2	4	1	2
FH	7	5	0	4
Fjölnir	2	2	6	2
Fram	7	9	12	2
Fylkir	6	7	4	1
Gróttá	0	2	0	3
Haukar	2	0	0	0
HK	1	9	4	0
ÍBV	4	0	0	7
ÍR	7	7	0	1
KA	0	4	3	3
KA/Pór	0	0	0	0
Kría			0	0
Selfoss	1	0	1	10
Stjarnan	2	4	1	6
Valur	3	7	0	4
Vikingur	12	5	0	1
Pór Ak.	0	4	1	1
Próttur	1	0	0	0
Vængir Júpiters	0	0	0	0
Fé lög utan deilda	0	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>57</b>	<b>69</b>	<b>33</b>	<b>47</b>

## Fundur yfirmanna dómaramála á Norðurlöndunum

Líkt og á seinasta ári var fundi yfirmanna dómaramála á Norðurlöndunum frestað, ekki hefur verið tilkynnt um nýjar dagsætningar.

## Alþjóðlegir dómarar og eftirlitsmenn

Eins og gefur að skilja hefur verkefnum alþjóðadómarar og eftirlitsmanna fækkað mikið á árinu vegna faraldursins. Þó hafa Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson tekið að sér nokkur verkefni í meistaradeild Evrópu. Þá hefur Guðjón L. Sigurðsson tekið að sér að vera eftirlitsmaður EHF á landsleikjum hér heima sem er alls ekki öfundsvært hlutverk en Guðjón leysti það vel og ber að hrósa fyrir það.

### Alþjóðlegir dómarar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson	EHF
Jónas Elíasson	EHF
Sigurður H. Prastarson	EHF
Svavar Ó. Pétursson	EHF
Bjarki Bóasson	EHF canditade
Gunnar Óli Gústafsson	EHF canditade
Árni Snær Magnússon	EHF (YRP)

Þorvar Bjarmi Harðarson

EHF (YRP)\*\*Young referee project

Alþjóðlegir eftirlitsmenn HSÍ:

Guðjón L. Sigurðsson EHF  
Kristján Halldórsson EHF  
Ólafur Örn Haraldsson EHF  
Reynir Stefánsson EHF

### **Dómgæsla í yngri flokkum**

Dómaranefnd fékk á sitt borð sitt nokkur mál sem tengdust yngri flokkum og dómgæslu í leikjum. Þau mál var reynt að leysa jafnóðum og koma þeim í rétta farveg. Dómaranefnd skorar á félögin að viðhalda og stuðla að góðri dómgæslu á þessum mótum. Mikilvægt er að félögin axli ábyrgð og útvegi dómara sem geta stuðlað að kennslu og leiðbeini ungum iðkendum í handbolta.

Rétt er að benda á að einungis dómarar með B- eða C stig er heimilt að dæma leiki í 4. og 3. flokki. Dómaranefnd hefur fengið fjölmargar ábendingar í vetur vegna þess að þessi skilyrði hafa ekki verið uppfyllt. Hafi dómari ekki tilskilin réttindi til að dæma leiki er hægt að beita sektum. Dómaranefnd mun fylgjast sérstaklega með þessum atriði næsta vetur.

### **Fjöldi deildadómara og sektir**

Eins og undanfarin ár þurfa félögin að útvega tvo dómara fyrir hvert meistaraflokkslið sem skráð er í Íslandsmót (að U liðum undanskildum). Á meðfylgjandi töflu má sjá hversu marga dómara hvert félag á að útvega og hversu margir starfandi dómarar koma frá hverju félagi. Fjögur félög ná tilskildum fjölda dómara sem er einu færra en á seinasta ári. Félögin greiða ennþá milljónir í sektir vegna dómaraskorts en til þess að þetta breytist þá þurfa félögin að ala upp dómara.

### Fjöldi deildardómara eftir félögum:

Félög:	Eiga að útvega:	Hafa tilnefnt:
Afturelding	4	1
FH	4	3
Fjölur	2	1
Fjölur/Fylkir	2	1
Fram	4	7
Gróttá	4	0
Haukar	4	4
HK	4	3
ÍBV	4	1
ÍR	4	2
Vængir Júpíters	2	0
KA	2	4
KA/Þór	2	0
Kría	2	0
Selfoss	4	4
Stjarnan	4	0
Valur	4	2
Víkingur	4	0
Þór Ak	2	0
Félög utan deilda	0	3
Samtals:	62	36

### Dómaranefnd 2020-2021

Reynir Stefánsson, formaður

Gísli Hlynur Jóhannsson

Kristín Aðalsteinsdóttir

Kristján Gaukur Kristjánsson

### Dómarar og eftirlitsmenn

#### Deildardómarar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson - Jónas Elíasson

Arnór Jón Sigurðsson - Magnús Ólafur Björnsson

Árni Snær Magnússon - Þorvar B. Harðarson

Bjarki Bóasson - Gunnar Óli Gústafsson

Bjarni Viggósson - Jón Karl Björnsson

Bogi Örn Jónsson - Heimir Steinn Vigfússon

Bóas Börkur Bóasson - Hörður Aðalsteinsson

Eyþór Jónsson - Leó Snær Róbertsson

Guðbjörn Ólafsson - Ricardo Xavier

Hallgrímur Jónasson - Vilbergur F. Sverrisson

Heimir Örn Árnason - Magnús Kári Jónsson

Hekla Daðadóttir - Ellen Karlsdóttir

Eyþór Jónsson - Leó Snær Róbertsson  
Ingvar Guðjónsson - Sigurjón Þórðarson  
Siguróli Magni Sigurðsson - Sævar Árnason  
Ramunas Mikalonis - Þorleifur Árni Björnsson  
Sigurður H. Þrastarson - Svavar Ó. Pétursson  
Sigurgeir Sigurgeirsson - Ægir Sigurgeirsson

#### Eftirlitsmenn HSÍ:

Einar Sveinsson  
Gísli H. Jóhannsson  
Guðjón L. Sigurðsson  
Hlynur Leifsson  
Ingvar Guðjónsson  
Kristján Halldórsson  
Kristján Gaukur Kristjánsson

Kristín Aðalsteinsdóttir  
Ólafur Örn Haraldsson  
Reynir Stefánsson  
Sigurður Egill Þorvaldsson  
Sindri Ólafsson  
Valgeir Egill Ómarsson

### **Í lok keppnistímabils**

Annað árið í röð stöndum við frammi fyrir því að Covid-faraldurinn hefur sett stórt strik í reikninginn þegar kemur að keppnistímabilinu hér heima. Það er áskorun fyrir okkur öll að klára keppnistímabilið, hvort sem um er að ræða leikmenn, þjálfara, dómara, stjórnarmenn eða starfsfólk HSÍ. Það er mín von að niðurstaðan verði sem farsælust, við getum krýnt Íslandsmeistara og öll sú dýrmæta reynsla sem við höfum náð okkur í undanfarið ár fari í reynslubankann.

Þegar kemur að dómurum hafa komið upp fjölmargar áskoranir tengdar ástandinu í samfélaginu, við höfum breytt verkferlum bæði á dómarafundum og í líkamlegum prófum en að sama skapi lært fjölmargar nýjar aðferðir til að ná til dómarahópsins. Dómarar hafa undanfarin ár hist þrisvar á ári, lagt línurnar og unnið saman að fjölmörgum málum. Það hefur hinsvegar ekki verið hægt undanfarið ár en vonandi rætist úr því hið fyrsta, þrátt fyrir að tæknin hafa hjálpað okkur mikið þá er fátt betra en að setjast niður yfir kaffibolla og fara yfir málin með félögunum.

Ég vona að félögin og HSÍ setji aukakraft í starfið í haust og þannig náum við að skilja endanlega við veiruna, við munum gera okkar besta til að undirbúa dómarana og vonandi sjáum við fleiri ný andlit með flautuna í haust.

Áfram handboltil!

Fyrir hönd dómaranefndar HSÍ,

*Reynir Stefánsson*

## Skýrsla landsliðsnefndar karla 2021

### Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd karla:

Páll Þórólfsson (formaður)  
Daði Hafþórsson  
Gunnar Andrésson  
Markús Máni Michaelsson

### Landsliðsþjálfarar

- A landslið karla: Guðmundur Guðmundsson, Gunnar Magnússon og Thomas Svenson
- U-21 árs landslið karla: Einar Andri Einarsson og Sigursteinn Arndal
- U-19 ára landslið karla: Heimir Ríkarðsson og Gunnar Andrésson
- U-17 ára landslið karla: Andri Sigfússon og Jón Gunnlaugur Viggósson
- U-15 ára landslið karla: Guðlaugur Arnarsson og Heimir Örn Árnason
- Hæfileikamótun HSÍ: Halldór Jóhann Sigfússon og Rakel Dögg Bragadóttir

### Læknar og sjúkrateymi

- A landslið karla:
  - Læknar: Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson
  - Sjúkraþjálfarar: Jón Birgir Guðmundsson, Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson
- Yngri landslið karla:
  - Þar sem yngri liðin fóru ekki í nein verkefni utan landsteinanna voru engir sjúkraþjálfarar ráðnir á liðin.

### Liðsstjórar

- A landslið karla: Guðni Jónsson
- U-21 árs landslið karla: Jóhannes Runólfsson
- U-19 ára landslið karla: Björn Eiríksson

### Helstu verkefni og áherslur

A landslið karla tók þátt í HM í Egyptalandi í janúar, liðið komst í milliriðla með sigrum á Alsír og Marokkó en í milliriðli töpuðust allir þrír leikir liðsins með tveggja marka mun í spennandi leikjum. Niðurstaðan í mótinu er 20. sæti sem verður að teljast vonbrigði en þó átti liðið góða spretti og jávæðir punktar sáust inn á milli. Strákarnir okkar hafa einnig leikið þrjá leiki af sex í undankeppni EM 2022, fyrst vannst góður sigur á Litháen þá biðu tveir leikir á móti Portúgal. Ísland tapaði úti með tveggja marka mun en vann stórsigur heima og hefur því betur í innbyrðis baráttu liðanna.

Öllum alþjóðakeppnum yngri landsliða var frestað vegna heimsfaraldursins. Nánar er komið inná það hér fyrir neðan.

Covid-19 lamaði starf landsliðanna stóra hluta sl. ár, þrátt fyrir að staðan hér heima hafi oft á tíðum verið góð var ekki það sama uppi á teningnum úti í heimi og voru verkefni yngri liðanna utan landsteinanna því engin. Það er því gríðarlega mikilvægt að við höldum vel á spilunum eftir faraldurinn, æfa vel og koma okkar liðum strax í alþjóðaverkefni. Við erum nú þegar búin að missa út eitt ár og megum ekki við því að sá tími lengist.

## Leikir mót og úrslit

### A landslið karla

**Undankeppni EM, 1.** – 5. nóvember. Fyrsti leikur íslenska liðsins í undankeppni EM, leikið gegn Litháen í Laugardalshöll án áhorfenda vegna samkomubanns. Íslenska liðið vann góðan sigur þar sem nokkrir nýliðar þreyttu frumraun sína í keppnisleik með landsliðinu. Til stóð að Ísrael kæmi líka hingað til lands í þessum glugga en vegna erfiðra flugsamgangna í Evrópu var leiknum frestað. 18 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

4. nóv.	Laugardalshöll	Ísland - Litháen	36-20
---------	----------------	------------------	-------

**Undankeppni EM, 2.** - 10. janúar. Tveir leikir gegn Portúgal í undankeppni EM, í þessum leikjum var efsta sætið í riðlinum undir. Eftir tveggja marka tap í Portúgal vann íslenska liðið frábæran 9 marka sigur á Ásvöllum og eru því með betri innbyrðis markatölu gegn Portúgal. 20 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

06. jan.	Portúgal	Portúgal - Ísland	26-24
10. jan.	Ásvellir	Ísland - Portúgal	32-23

**HM í Egyptalandi,** 10. – 26. janúar. Íslenska liðið lék í Kairó, bæði í riðli og milliriðli. Eftir tap gegn Portúgal í fyrsta leik unnust góðir sigrar á Alsír og Marokkó og þar með var sæti í milliriðli tryggt. Strákarnir okkar léku þrjá leiki í milliriðli og töpuðust þeir allir með 2 mörkum í miklum spennuleikjum. Lokaniðurstaðan var 20. sæti á mótinu. 20 leikmenn og 10 starfsmenn fóru á HM.

14. jan.	Egyptaland	Portúgal - Ísland	25-23
16. jan.	Egyptaland	Alsír - Ísland	24-39
18. jan.	Egyptaland	Ísland - Marokkó	31-22
20. jan.	Egyptaland	Sviss - Ísland	20-18
22. jan.	Egyptaland	Ísland - Frakkland	26-28
24. jan.	Egyptaland	Ísland - Noregur	33-35

### Yngri landslið karla

Öllum alþjóðakeppnum yngri landsliða var verið frestað vegna heimsfaraldursins. Öll liðin voru kölluð til æfinga í júní og æfðu í eina viku. Ekki reyndist mögulegt að kalla liðin saman í haust vegna samkomutakmarkanna en liðin komu loks saman á nýjan leik í mars. Heimsmeistaramótum U-19 og

U-21 næsta sumar hefur verið aflýst en þess í stað verður haldið EM U-19. Ekki liggja fyrir fleiri verkefni hjá U-21 og því verður sá hópur ekki kallaður saman oftár. U-17 tekur þátt í Opna Evrópumótinu í Svíþjóð.

### **Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins**

Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins fóru fram helgarnar 11. - 12 janúar, 28. feb. - 1. mars og 16. - 17. maí. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2006 undir stjórn landsliðsþjálfara HSÍ og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist.

### **Handboltaskóli HSÍ og Bláa lónsins**

Handboltaskóli HSÍ og Bláa lónsins hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram helgina 30. – 31. maí í ár. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Fyrir hönd landsliðsnefndar karla,

*Páll Þórólfsson, formaður*

## Skýrsla landsliðsnefndar kvenna 2021

### Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd kvenna:

Guðríður Guðjónsdóttir (formaður)  
Ásta Björk Sveinsdóttir  
Brynja Ingimarsdóttir  
Halldóra Ingvarsdóttir  
Margrét Berg Theodórsdóttir

### Landsliðsþjálfarar

- A landslið kvenna: Arnar Pétursson og Ágúst Þór Jóhannsson.
- U19 ára landslið kvenna: Díana Guðjónsdóttir og Magnús Stefánsson
- U17 ára landslið kvenna: Ágúst Þór Jóhannsson og Árni Stefán Guðjónsson
- U15 ára landslið kvenna: Guðmundur Helgi Pálsson og Dagur Snær Steingrímsson
- Hæfileikamótun: Raket Dögg Bragadóttir og Halldór Jóhann Sigfússon

### Læknir og sjúkraþjálfarar

- A landslið kvenna:
  - Læknir: Jóhann Róbertsson
  - Sjúkraþjálfarar: Ágústa Sigurjónsdóttir og Særún Jónsdóttir
- Yngri landslið kvenna:
  - Sjúkraþjálfari: Silja Rós Theodórsdóttir

### Liðsstjórar

- A landslið kvenna: Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir
- U19 ára landslið kvenna: Brynja Ingimarsdóttir
- U17 ára landslið kvenna: Guðríður Guðjónsdóttir
- U15 ára landslið kvenna: Halldóra Ingvarsdóttir

### Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umgjörð
- Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- Auka umfjöllun og markaðsetja kvannahandbolta
- Vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Halda áfram góðu samstarfi við HR vegna styrktarmælinga allra landsliða.



## Mót, leikir og úrslit:

### A landslið kvenna

Öllum alþjóðakeppnum A landsliðs kvenna á árinu 2020 var frestað vegna heimsfaraldursins. Liðið æfði í Reykjavík 15. – 30. júní, en auk þess var valinn B landsliðshópur sem æfði 24. – 27. júní. Markmið æfinganna var að halda áfram þróun liðsins á æfingum en auk þess að skoða fleiri leikmenn á æfingum og gefa þeim þannig kost að æfa með landsliði. Liðið æfði næst í febrúar en þá hófst undirbúningur fyrir forkeppni HM sem fór fram í N-Makedóníu í mars.

**Forkeppni HM, 14. – 22. mars.** Stelpurnar okkar léku í 4 liða riðli í Skopje í N-Makedóníu þar sem tvö efstu sætin tryggði þátttökurétt í umspili um sæti á HM. Íslenska liðið tapaði fyrsta leiknum gegn heimakonum og varð fyrir áfalli þar sem tveir lykilmenn í liðinu meiddust. En þá tóku aðrar við keflinu og tryggðu tvo góða sigra og því á liðið leiki í umspili um sæti á HM nú í apríl.

19. mar.	N-Makedónía	N-Makedónía - Ísland	24-17
20. mar.	N-Makedónía	Ísland - Grikkland	31-19
21. mar.	N-Makedónía	Ísland - Litháen	33-23

### 18 ára landslið kvenna

**Vináttulandsleikir í Færeyjum, 31. júlí – 3. ágúst.** Þar sem Evrópumót sumarsins voru blásin af var farið með liðið til Færeyja og spilað þar við heimakonur. Stelpurnar okkar unnu báða leikina. Í ferðina fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

1. ágú.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	24-32
2. ágú.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	19-21

### 16 ára landslið kvenna

**Vináttulandsleikir í Færeyjum, 31. júlí – 3. ágúst.** Þar sem Evrópumót sumarsins voru blásin af var farið með liðið til Færeyja og spilað þar við heimakonur. Liðin unnu sitthvorn leikinn. Í ferðina fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

1. ágú.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	24-23
2. ágú.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	21-23

## Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins

Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins fóru fram helgarnar 11. – 12. janúar, 28. feb. – 1. mars og 16. – 17. maí. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2006 undir stjórn landsliðsþjálfara HSÍ og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist.

## Handboltaskóli HSÍ og Alvogen

Handboltaskóli HSÍ og Alvogen hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram helgina 30. – 31. maí í ár. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins næsta skref í þróun landsliðsmanna.

## Landsliðsnefnd

Starfið á árinu var litað af heimsfaraldrinum, öllum verkefnum á árinu 2020 var frestað að undanskildum vináttulandsleikjum Ísland og Færeyja í U-16 og U18 ára landsliðum kvenna. Þeir leikir gáfu okkar stúlkum mikið og eru vonandi upphafið af farsælli samvinnu með nágrönnum okkar í Færeyjum en stefnt er að því að þjóðirnar skiptist á að taka á móti hvorri annarri með sín yngri landslið.

En faraldurinn hafði ekki bara áhrif á verkefni utan landsteinanna, erfiðlega gekk að koma landsliðunum saman hér heima vegna víðtækra samkomubanna. Öll landsliðin æfðu sl. sumar en haustið reyndist okkur erfitt og ekki var möguleiki að halda æfingar fyrr en í febrúar og mars. Það er von okkar að nú sjái fyrir endann á faraldrinum, yngri landsliðin okkar, bæði U-17 og U-19 kv eiga bókuð Evrópumót í sumar og er það von okkar allra að þau mót gangi eftir.

Að lokum er rétt að minnst á forkeppni HM sem fram fór nú í mars en stelpurnar okkar léku í Skopje í Makedóníu. Eftir tap í fyrsta leik þar sem liðið varð fyrir miklum áföllum með meiðsli lykilleikmanna þjöppuðu stelpurnar sér saman og unnu 2 góða sigra sem tryggði þeim sæti í umspili fyrir HM. Liðið mætir Slóveníu í 2 leikjum um laust sæti á HM núna í apríl og verður spennandi að sjá hvernig stelpurnar okkar standa sig á móti liði sem hefur verið reglulega inni á stórmótum.

Alls voru 4 bókaðir fundir haldnir á árinu, auk annara funda. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða. Þökkum við fyrir gott samstarf og vonum að samstarfið haldi áfram á sömu braut.

*Guðríður Guðjónsdóttir, formaður landsliðsnefndar kvenna*

# SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

## Mótanefnd 2020/2021

Kristín Þórðardóttir, formaður

Ágúst Karl Karlsson

Hjalte Þór Hreinsson

Pálmi Harðarson

Þórarinn Þórarinsson

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Starfsmaður mótanefndar 2020/2021 var Hrannar Hafsteinsson. Honum er þakkað fyrir mjög vel unnin störf á tímabilinu.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Formaður og starfsmaður nefndarinnar eru einnig í virkum samskiptum í gegnum síma, í kringum ákveðin mál ef þurfa þykir.

Málin sem mótanefnd fær inn á sitt borð eru af ýmsum toga en á tímabilinu 2020/2021 hafa þau því miður flest tengst frestunum og endurröðun móta vegna Covid 19. Mörg málanna eru í gangi lengi en önnur eru afgreidd strax. Mismikil vinna fer í hvert mál, allt frá fáeinum símtölum og tölvupóstum, yfir í t.d. að taka út leikstaði.

## Meistaraflokkar

Líkt og á síðasta keppnistímabili var eingöngu töfludregið í efstu deild karla og leikjum í öðrum deildum raðað í kringum það. Þetta er gert með það í huga að gera félögunum kleift að vera með fleiri tvennum sem óskað hafði verið eftir bæði af félögunum og sjónvarpsrétthafa. Starfsmaður og formaður mótanefndar sáu um að raða leikjum í öðrum deildum en efstu deild karla og tókst með því að tryggja að öll félög með lið í efstu deild karla og kvenna höfðu möguleika á að lágmarki 4 tvennum, oft fleiri.



## Deildakeppni karla

Í meistaraflokki karla sendu 18 félög inn lið til keppni. Leikið var í Olís-deild karla, Grill 66-deild karla og 2. deild karla. Alls tóku 12 lið tóku þátt í Olís-deild karla, 10 í Grill 66 deildinni, þar af 4 U-lið, og 4 lið í 2. deild karla, öll U-lið. Sú breyting var samþykkt á ársþingi HSÍ árið 2020 að aðallið hefðu forgang yfir U-lið í næst efstu deild. Þetta þýddi að lið Kríu, Harðar og Vængja Júpíters fluttust sjálfkrafa upp í þá deild. Athyglisvert er að sjá að U-liðum fækkar talsvert milli ára. Ekki var spilað Íslandsmót í 2. flokki líkt og undanfarin ár vegna þróunar U-liða.



## Deildakeppni kvenna

Á Íslandsmóti kvenna fækkaði um eitt félag en Fjölnir og Fylkir tefla fram sameiginlegu liði á tímabilinu. Leikið var í Olís-deild kvenna og Grill 66 deild kvenna. Alls tóku átta lið þátt í Olís-deildinni og 9 í Grill 66 deildinni, fækkun um þrjú lið frá því á síðasta Íslandsmóti.



## Almennt um mál mótanefndar

Mótanefnd fékk inn á sitt borð ýmis mál eins og undangengin ár. Í meistaraflokkum tengjast málin gjarnan umgjörð leikja hjá félögum en í handbók um framkvæmd leikja sem félögin þurfa að taka mið af koma fram atriði sem mótanefnd og skrifstofa HSÍ fylgja eftir. Meirihluti þeirra mála sem komið hafa á borð nefndarinnar tengd umgjörð leikja tengjast öryggisgæslu. Breytingar á leikdögum t.d. vegna sjónvarpsleikja eða frestana vegna veðurs eru að sjálfsögðu hluti af vinnu mótnefndar. Eins þarf mótanefnd að skoða mál vegna ólöglegra leikmanna en nokkur mál komu inn á borð nefndarinnar þar sem leikmenn eru ekki með skráðan leikmannasamning. Eitt mál kom á borð nefndarinnar þar sem leikmaður var ekki á leikskýrslu og hefur úrskurði nefndarinnar í því tilfalli verið áfrýjað til Áfrýjunardómstóls HSÍ.

Eins og áður sagði þá hafa langflest mál mótanefndar á tímanbilinu 2020/2021 tengst breytingum á mótahaldi vegna Covid 19 á beinan eða óbeinan hátt. Þannig hefur ítrekað þurft að endurraða öllum mótum bæði í meistaraflokkum og yngri flokkum og þegar þetta er ritað hefur engin ákvörðun verið tekin varðandi áframhaldandi mótahald í ljósi þess að hefðbundnar æfingar liggja niðri.

Formannafundir, bæði meistaraflokka og yngri flokka, hafa verið haldnir reglulega á tímabilinu og hafa allar ákvarðanir varðandi breytingar á mótahaldi verið ræddar þar í þaula áður en þær hafa komið til framkvæmda.

Þegar kemur að málefnum yngri flokka var ákveðið að gefa liðum tækifæri í janúar á að endurskoða fjölda liða sem send eru til keppni í 3. og 4.flokki, auk 2.deildar karla án allra viðurlaga. Þetta var gert þar sem aðstæður margar liða voru breyttar á þessum tímavarki auk þess sem það þurfti að fara í að raða öllum mótum upp á nýtt.

## **Fjölliðamót**

Fyrstu fjölliðamót vetrarins voru haldin í lok janúar og náðist að halda tvö mót í 5.-8.flokki áður en æfingabann tók við að nýju. Næstu mót eru áætluð í síðari hluta apríl mánaðar og standa vonir til þess að hægt verði að standa við þau. Þeim mótum sem féllu niður í haust var bætt aftan við mótin í vor og verða því haldin fjölliðamót bæði í maí og júní. Mikil umræða hefur verið um að lengja tímabilið í þessum aldursflokkum og var ætlunin að bjóða félögum að halda svokölluð sumarmót eftir að keppni á Íslandsmótum lyki.

Kristín Þórðardóttir, formaður mótanefndar HSÍ

## SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Nefndina skipuðu Sverrir Pálmason (formaður), Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Á starfsárinu fram til 30. mars hélt aganefnd 15 bókaða fundi auk þess að taka fyrir þau mál sem nefndinni voru send, öll mál voru afgreidd. Auk þess hittist nefndin reglulega yfir veturinn til að fara starfið. Hrannar Hafsteinsson var aganefnd innan handar á skrifstofu HSÍ og er honum þakkað fyrir gott samstarf.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu (blátt spjald), sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Á meðfylgjandi töflu má sjá eðli þeirra mála sem aganefnd fjallaði um, brot vegna 8.6/8.10 varða við leikbann. Taflan er miðuð við stöðuna 30. mars.

### Fjöldi mála í aganefnd 2020-2021

Flokkar:	8.5/8.9	8.6/8.10
Meistaraflokkar	21	9
Yngri flokkar	4	0

Samtals	25	9
---------	----	---

Aganefnd heldur einnig utan um fjölda rauðra spjalda og vill minna á stighækkandi áhrif vegna útilokana skv. 11. grein reglugerðar HSÍ um agamál.

Nefndin heldur málaskrá vegna allra agamála sem koma upp, m.a. til að auðvelda uppflettingar og halda samræmi á milli mála. Myndbönd hafa einnig hjálpað aganefnd við úrskurð mála í vetur.

Fyrir hönd aganefndar HSÍ,

*Sverrir Pálmason*  
Formaður.

## Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar

### Útbreiðsla

Þjálfarar HSÍ fóru í kynningarferð til Húsavíkur í haust og voru þar eina helgi með kynningu á handbolta fyrir iðkendur og aðra áhugasama á staðnum. Heimsóknin heppnaðist vel í alla staði og var mikil ánægja með hana fyrir noraðn. Til stóð að fara á fleiri staði með kynningar en því miður varð Covid-19 faraldurinn til þess að það var ekki hægt.

### Þjálfaramenntun HSÍ

Öll þjálfaramenntun HSÍ er núna komin í fjarnám og hafa sennilega aldrei fleirri sótt okkar námskeið hjá okkur eins og árið 2020. Það var mikil framfaraskref að koma náminum í fjarnám og höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð. Það skiptir ekki lengur máli hvort 1, tveir eða þrjátíu skrá sig á námskeið við munum alltaf bjóða upp á þau.

26 hófu nám á 1. stigi og munu ljúka námi um vorið 2021

27 hófu nám á 2. stigi og munu ljúka námi um vorið 2021

32 hófu nám á 3. stigi og munu ljúka námi um vorið 2021

### Mastercoach

23 þjálfara luku Mastercoach námi árið 2020. Mastercoach er æðsta gráða þjálfaramenntunar í handbolta í Evrópu og er þetta í fyrsta skipti sem þetta námskeiðið er haldið hér á landi. Það var að stór áfangi fyrir okkur að geta boðið upp á þetta nám hér á landi og mikil ánægja að útskrifa 23 þjálfara með þessa menntun. Stefnt er á að bjóða aftur upp á þetta nám 2022 og útskrift verði ári seinna.

### Afreksmaður framtíðarinnar

Fyrirlestraröð HSÍ og HR var eins og á seinasta ári haldin haldin í janúar fyrir yngri landsliðsmenn. Til stóð að halda líka fyrirlestra í september en við þurftum að fella það niður vegna samkomubanns sem var í gangi á þeim tíma. Sem fyrr hefur framtakið hefur mælst vel fyrir og vakið eftirtekt. Meðal fyrirlesara í ár voru Margrét Lára Viðarsdóttir og Elísa Viðarsdóttir.

### Hvað er framundan?

Helstu verkefni nefndarinnar er frekari þróun þjálfaranámsins í gegnum fjarnám en nú hefur ÍSÍ fjárfest í sama kerfi og HR og HSÍ hafa notað undanfarin misseri, því mun allt nám HSÍ færast yfir í kerfi ÍSÍ. Fjarnámið hefur vakið athygli útfyrir handboltasamfélagið og hefur gjörbreytt öllum möguleikum þjálfara til náms, sérstaklega á þessum erfiðu tímum þar sem samkomutakmarkanir koma í veg fyrir mannamót.



Stefnt er á frekari heimsóknir út á land með útbreiðslu handboltans í huga, bæði á staði þar sem handbolti er spilaður í dag og í bæjarfélög þar sem handbolti er ekki spilaður en við vitum af áhuga fólks til að koma æfingum af stað. Handknattleikur hefur nær eingöngu verið spilaður í stærstu bæjarfélögum landsins undanfarin ár en nú er kominn tími til að snúa vörn í sókn og breiða út boðskapinn á minnu stöðum líka.

Fyrir hönd fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ,

*Karl Danielsson*

Formaður.

## 11. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

Arnar Þorkelsson, gjaldkeri stjórnar, steig í pontu til að fjalla um reikninga sambandsins.

Arnar útskýrði að ársreikningurinn samanstæði af rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi og svo skýringum og sundurliðun. Ársreikninginn sjálfan var að finna í þinggögnunum og vildi Arnar skauta yfir það helsta. Sýna hvernig fjárhagur sambandsins væri byggður og hvernig hann hafi þróast undanfarin ár. Hann sagði þetta sérstaka ár hafa reynt á starfsfólkið á skrifstofunni í fjármálum og það væri gleðilegt að geta sýnt jákvæða rekstrarniðurstöðu. Rekstrartekjur sambandsins árið 2020 voru um 250 milljónir. Þær lækkuðu reyndar um 41 milljón en það jákvæða var að á sama tíma lækkuðu rekstrargjöldin um 81 milljón og voru um 196 milljónir. Hagnaður sambandsins var því um 53 milljónir á árinu. Arnar sagði það virkilega vel af staði. Í takt við betri afkomu og stöðu sambandsins voru fjármagnsliðir jákvæðir í fyrsta sinn í þónokkurn fjölda ára. Það sem væri kannski ánægjulegast við niðurstöðuna væri að sambandið hafi haldið í sína styrktaraðila. HSÍ sýndi gríðarlegt aðhald í rekstri og ástæðan fyrir því að rekstrargjöldin voru ekki með eins há á árinu var að töluvert færri landsleikir fóru fram og þá sérstaklega hjá yngri landsliðunum.

Stefna sambandsins er meðal annars að standa vel að aðildarfélögunum og Arnar sagði það ánægjulegt að HSÍ hafi getað styrkt aðildarfélögin um samtals 13 milljónir króna á árinu í formi endurgreiðslna á mótakostnaði. Samhliða því voru settir töluverðir fjármunir hjá sambandinu í útbreiðsluverkefni. Annars vegar í áttak með Bónus í janúar í kringum EM, og hins vegar í *Breytum leiknum*.

Rekstrarreikningurinn sýnir hvaðan tekjur HSÍ komu á síðasta ári. Tveir stærstu tekjuliðirnir voru annars vegar styrkir frá ÍSÍ og Lottó, og hins vegar styrkir frá *aðrir almennir styrkir*. Styrkir frá ÍSÍ og Lottó lækkuðu um 5 milljónir á milli ára, en voru samt sem áður um 37% af heildartekjum sambandsins. Það skýrist að mestu leyti af því að afrekssjóðurinn lækkaði árið 2020 um 10 milljónir en á sama tíma þá hækkuðu Lottó tekjurnar okkar um 5 milljónir. Styrkir frá styrktaraðilum stóðu í stað og sagði Arnar það gífurlega jákvætt í því árferði sem hefur verið í samfélaginu. Mikil vinna hafi farið fram hjá starfsmönnum sambandsins og stjórn við að tryggja fjármunina og ánægjulegt sé að sjá að upphæðir styrktaraðila hafi staðið í stað á þessum tíma. Liðurinn *aðrar tekjur* féll verulega á milli ára og var 29 milljónir árið 2020 en 60 milljónir árið á undan. Helstu skýringinuna sagði Arnar vera þá að undir þennan lið falli endurrukkaður kostnaður vegna yngri landsliða og þar sem verkefni þeirra lögðust niður að mestu leyti á síðasta ári að þá féll sá liður niður. Það væri kannski sá stóri einstaki liður sem skýri tekjufall ársins. Þá sagði Arnar að tekjur af landsleikjum hafi fallið á milli ára í samræmi við færri verkefni og tekjur af mótahaldi sömuleiðis.

Næst fór Arnar yfir skiptinguna á rekstrarkostnaði sambandsins á síðasta ári. Um 40% af útgjöldum sambandsins fór í rekstur landsliða. Engu að síður lækkaði sá liður um 86 milljónir á milli ára og hefur oft verið hærri. Arnari fannst rétt að nefna að þetta væri beinn kostnaður við landsliðin og svo væri annar liður, laun og launatengd gjöld, sem væri 30% af kostnaði

sambandsins og hluti af þeim kostnaði færi í að sinna afreksstarfinu. Það væri jákvætt að laun og launatengd gjöld lækkuðu líka á milli ára. Mótakostnaður hækkaði á milli ára, upp í 36 milljónir, og þar væri tvennt sem skýri hækkunina. Annars vegar að þarna kæmi endurgreiðslan á mótakostnaði sem náðist að styðja félögin með og í öðru lagi væri þarna kostnaður vegna útbreiðsluverkefna. Almennt leggur HSÍ um 20 milljónir króna í mótakostnað á hverju ári til að reka mót á vegum sambandsins, að sögn Arnars. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 2 milljónir á milli ára. Þar vóg mest kaup á skrifstofubúnaði sem HSÍ réðst í á síðasta ári en annar rekstrarkostnaður lækkar á milli ára. Undir þessum lið er einnig námskeiðakostnaður og árið 2019 var *MasterCoach* þannig að kostnaður vegna þess var inni þá en ekki á síðasta ári.

Á efnahagsreikningnum sást að eignir voru samtals 57 milljónir í lok árs 2020. Stærstu liðirnir sem Arnari fannst vert að nefna voru viðskiptakröfur upp á tæpar 14 milljónir sem voru óbreyttar á milli ára og kröfur á félög í góðum farvegi. Á sama tíma voru viðskiptakröfurnar bara almennar viðskiptakröfur sem myndu innheimtast og væru bara vegna almennrar starfsemi. Aðrar skammtímakröfur voru 18,5 milljón og voru að stærstu leyti fyrirfram greiddur kostnaður vegna HM 2021 í Egyptalandi. Arnar sagði það jákvætt að sjá að handbært fé sambandsins var komið upp í tæpar 25 milljónir um áramót sem er í samræmi við rekstrarniðurstöðuna. Viðskiptaskuldir lækkuðu um 4,5 milljón á milli ára og á þremur árum lækkuðu þær um 30,7 milljónir. Allar útistandandi skuldir sem voru úti um áramótin voru bara almennar viðskiptaskuldir sem voru ekki komnar á eindaga og því voru engar vaxtaberandi skuldir útistandandi. Aðrar skammtímaskuldir lækkuðu um 4,1 milljón á milli ára og Arnar sagði það skýrast að mestu leyti af fyrirfram innheimtum tekjum. Sambandið fái oft tekjur vegna ársins á eftir en núna um áramótin hafi það ekki þurft á slíkum fyrirgreiðslum að halda, þar sem fjárhagsleg staða sambandsins var sterkari í lok árs en oft áður.

Arnar sagði það gleðiefni að eigið fé sambandsins væri loksins orðið jákvætt. Unnið hafi verið að því markmiðið í fjölmörg ár. Þá væri jákvætt eigið fé grunnfarsenda fyrir því að HSÍ gæti haldið áfram að styrkja félögin og mæta áföllum sem sambandið geti orðið fyrir. Til að geta tekið á sig sveiflur þurfi peninga. Arnar sagði það jákvætt að sjá sambandið í þeirri stöðu. Auk þess búi árið 2021 yfir gífurlegri óvissu eins og sjáist í fjárhagsáætlun ársins. Mikil óvissa væri um hvað afreksverkefni muni kosta. Dýrt væri að fara í flug, halda uppi sóttvörnum og vera með lið í einangrun. Hluti af ástæðunni fyrir því að afkoma ársins 2020 væri jafn góð og raun bæri vitni væri að verkefnum var frestað til ársins 2021 og því væri gífurleg óvissa á rekstri sambandsins fyrir árið 2021. Arnar sagði það þó jákvætt að sambandið væri komið réttu megin við núllið og gæti sett peninga í útbreiðsluverkefni og styrkt afreksstarfið enn frekar. Einna helst þá að taka fyrstu skrefin í þá átt að styðja við bakið á yngri landsliðunum með því að koma til móts við leikmenn svo að þeir þurfi ekki að borga svona gífurlega stóran hluta af kostnaðinum. Arnar vonaði að það gæti byrjað strax í sumar.



# Handknattleikssamband Íslands

## Ársreikningur 2020

Handknattleikssamband Íslands  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík

kt. 590169-4049

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	1
Áritun uppgjösaðila og skoðunarmanna .....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Eiginfjárfirlit .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalega þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2020 að fjárhæð 53,4 m. kr. Eigið fé félagsins nam 27,5 m. kr. í árslok 2020 og heildareignir voru 57,2 m. kr. Stöðugildi á skrifstofu félagsins voru 6 í upphafi árs 2020 sem og í árslok.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2020 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2020.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþöttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rétt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. apríl 2021.

Stjórn

Arnar Þorkelsson

Keymi Sjöfn

Jon Vidar Stefánsson  
Guðrún Guðjónsd.

Kristín Þorvaldsson  
Páll Þorláksson

Danþ. Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

Robert Geir Guðason

## Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna

### Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrsku stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrareikning, efnahagsreikning, eiginljáryfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Handknattleikssambands Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Við höfum fylgt settum síðareglum, þar með talið hvað varðar hefindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkæmi.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess. Framsetning hans er í samræmi við lög og góða reikningskæfvenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Reykjavík, 7. apríl 2021.

Fjástoð ehf.



Gunnar Þór Pálmaison

### Áritun skjórnna skoðunarmanna

Við undirritaðir skjórnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan sem lagður er fram af stjórn félagsins og á hennar ábyrgð í samræmi við starfskýklur hennar.

Við yfirferðina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningskiln sáu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 7. apríl 2021.



## Rekstrarreikningur

	Skýringar	2020	2019
Styrkir frá ÍSÍ og Lottó .....	12	93.628	98.600
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum .....	13	93.901	92.870
Tekjur af landsliðum .....	14	15.881	19.337
Tekjur af mótahaldi .....	15	17.120	20.536
Aðrar tekjur .....	16	29.161	59.448
<b>Rekstrartekjur</b>		<b>249.690</b>	<b>290.791</b>
Kostnaður landsliða .....	17	(79.897)	(167.947)
Mótakostnaður .....	18	(35.817)	(22.405)
Laun og launatengi gjöld .....	19	(56.958)	(62.306)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	20	(16.019)	(14.276)
Annar rekstrarkostnaður .....	21	(7.219)	(10.296)
Afskriftir .....	6, 24	(523)	(1.454)
<b>Rekstrarkostnaður</b>		<b>(196.433)</b>	<b>(278.684)</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<b>53.256</b>	<b>12.107</b>
Fjármunatekjur .....	22	336	416
Fjármagnsgjöld .....	23	(202)	(1.319)
<b>Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)</b>		<b>134</b>	<b>(903)</b>
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>53.390</b>	<b>11.204</b>

Skýringar á bls. 7 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



## Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Rekstrarfjármunir .....	6,24	0	523
Fastafjármunir samtals		0	523
Vöskiptakröfur .....	7,25	13.961	13.449
Biðgðir .....	8	0	777
Aðrar skammtímakröfur .....	26	18.544	8.518
Handbært fé .....	9,27	24.729	661
Veltufjármunir samtals		57.234	23.405
<b>Eignir samtals</b>		<b>57.234</b>	<b>23.927</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Óráðstafað (sjafnað) eigið fé .....		27.525	(25.865)
Eigið fé samtals		27.525	(25.865)
Vöskiptaskuldir .....		11.382	14.864
Skuldir við lánastofnanir .....		0	12.473
Aðrar skammtímaskuldir .....	28	18.327	22.455
Skammtímaskuldir samtals		29.709	49.792
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>57.234</b>	<b>23.927</b>

Skýringar á bls. 7 til 12 eru áðraskiljanlegar hlut' ársreikningsins.

## Eiginfjáryfirlit

1. janúar 2020 til 31. desember 2020	Skýringar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2020 .....		(25.865)	(25.865)
Hagnaður ársins .....		53.390	53.390
<b>Eigið fé 31. desember 2020</b>		<b>27.525</b>	<b>27.525</b>

1. janúar 2019 til 31. desember 2019	Skýringar	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2019 .....		(33.914)	(33.914)
Hagnaður ársins .....		11.204	11.204
Leiðréttur ferðajöfnunarjóstur .....		(2.695)	(2.695)
Leiðrétt úrsiltagjald yngri flokka .....		(460)	(460)
<b>Eigið fé 31. desember 2019</b>		<b>(25.865)</b>	<b>(25.865)</b>

Skýringar á bók. 7 til 12 eru áafstjaniþingur hátt ársreikningsins.

## Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2020	2019
Hagnaður ársins .....		53.390	11.204
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur .....		(247)	(311)
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	24	523	1.454
		53.666	12.347
Rekstrartengdar eignir, breyting .....		(9.515)	(1.506)
Rekstrartengdar skuldir, breyting .....		(7.610)	(9.950)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>36.542</b>	<b>892</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skuldir við lánaðstofnanir, breyting .....		(12.475)	(261)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>(12.475)</b>	<b>(261)</b>
Handbært fé í upphafi árs .....		661	30
Breyting handbærs fjár .....		24.069	630
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>24.729</b>	<b>661</b>

Skýringar á bls. 7 til 12 eru deðskýlanlegur hluti ársreikningsins.

## Skýringar

### Almennar upplýsingar

#### 1. Félagið

Handknattleikssamband Íslands, hér eftir nefnt félagið, eru íslensk félagsamtök með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þeirra er að Engjavegi 6, Reykjavík.

Stjórn og framkvæmdastjórn félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 7. apríl 2021.

### Reikningsskiðaaðferðir

#### 2. Grundvöllur reikningsskiðanna

Ársreikningurinn er gerður í samnæmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskiðum.

Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

#### 3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samnæmi við lög og settar reikningsskiðareglur.

#### 4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sérstaklar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskiðavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt málinu.

#### 5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi árslok 2020. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

Gengi helstu gjaldmiðla þróaðist sem hér segir á árinu.

Gjaldmiðil	Myntkóti	Meðalgengi		Lokagengi	
		2020	2019	31.12.2020	31.12.2019
Evra	EUR	154,523	137,299	156,100	135,830

#### 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Árlegar afskriftir eru reiknaðar sem læt hlutfall af stofnvirði þar til niðurlagsverði er náð, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftahlutfall rekstrarfjármuna er sem hér segir:

Kerfi ..... 20%

#### 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nefniverði að teknu tilliti til gengsbreytinga. Færð er varðbarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

## Skýringar

### 8. Birgðir

Vönbirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynt, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samvarar áætluðu sölurverði að frádrögnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 10. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### 11. Skattamál

Félagið er ekki tekjuskattskytt en innheimtir virðisaukaskatt af veltu sem felur undir skattskyldu virðisaukaskattslaga og greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum.

## Skýringar

### Rekstrarreikningur

#### 12. Styrkir frá ÍSÍ og Lottó

Styrkir frá ÍSÍ og Lottó sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Afrestssjóður .....	57.734	67.900
Ólympíusamhjálpin .....	1.273	2.572
Útbreiðslustyrkur .....	4.474	3.539
Aðrir styrkir .....	3.950	3.500
Lottó .....	26.196	21.089
<b>Samtals</b>	<b>93.628</b>	<b>98.600</b>

#### 13. Styrkir frá öðrum styrktaraðilum

Styrkir frá öðrum styrktaraðilum sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Fastir styrkir .....	77.550	83.200
Aðrir styrkir .....	16.351	9.670
<b>Samtals</b>	<b>93.901</b>	<b>92.870</b>

#### 14. Tekjur af landsliðum

Tekjur af landsliðum sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Aughisingatekjur .....	6.399	7.786
Aðgangseyrir .....	2.125	5.122
Voitingasala .....	804	743
Sala bóninga .....	6.553	5.686
<b>Samtals</b>	<b>15.881</b>	<b>19.337</b>

#### 15. Tekjur af mótahaldi

Tekjur af mótahaldi sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Mótagjöld .....	15.190	17.167
Sektir .....	1.930	3.369
<b>Samtals</b>	<b>17.120</b>	<b>20.536</b>

#### 16. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Námskeið .....	2.583	9.079
Ferðastyrkir .....	9.392	11.381
Endurrúksaður ferðakostnaður yngri landböða .....	1.783	27.814
Félagaskipti milli lands .....	11.226	9.034
Félagaskipti innanlands .....	2.172	2.141
Arnað .....	2.005	0
<b>Samtals</b>	<b>29.161</b>	<b>59.448</b>

## Skýringar

### 17. Kostnaður landsliða

Kostnaður landsliða sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Vortakagreiðslur til þjálfara .....	28.257	33.963
Þátttökugjöld og uppihald .....	3.571	22.912
Flug .....	13.148	40.161
Gisting .....	7.978	12.801
Bílaletugubílar og akstur .....	2.517	3.329
Dagpeningar .....	2.665	9.107
Annar ferðakostnaður .....	433	1.625
Gisting og uppihald mótherja .....	1.699	6.174
Dómarrar á landsleikjum .....	201	1.542
Annar kostnaður vegna landsleikja .....	5.925	10.854
Húsaleiga .....	421	1.948
Bóninger .....	1.568	9.011
Sjúkrakostnaður og harpi .....	5.316	7.009
Tryggingar .....	167	729
Annað .....	6.033	6.784
<b>Samtals</b>	<b>79.897</b>	<b>167.947</b>

### 18. Mótakostnaður

Mótakostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Döngæsla og eftirlit .....	4.627	10.464
Endurgreiðsla vegna mótaháls .....	12.308	0
Annar kostnaður vegna mótaháls .....	18.883	11.941
<b>Samtals</b>	<b>35.817</b>	<b>22.405</b>

### 19. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Laun .....	44.223	48.784
Bílfreiðstyrkur .....	2.617	2.460
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	5.966	6.434
Tryggingagjöld .....	3.394	3.824
Önnur launatengd gjöld .....	758	905
<b>Samtals</b>	<b>56.958</b>	<b>62.306</b>
Meðalfjöldi stöðuglida á árinu .....	6	6
Stöðuglidi í árslok .....	6	6

### 20. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Húsaleiga vegna skrifstofu .....	1.339	3.180
Aðkeypt sérfræðþjónusta .....	307	364
Rekstur tölvukerfa .....	4.428	4.950
Sími og netkostnaður .....	1.406	751
Ferðakostnaður .....	726	1.556
Pappír, prentun og ritföng .....	199	116
Bækur, blöð og áskriftir .....	143	123
Starfsmannakostnaður .....	3.008	2.319
Áhald og tæki .....	1.564	0
Gjafir og blóm .....	292	602
Tryggingar .....	82	77
Annað .....	525	238
<b>Samtals</b>	<b>16.019</b>	<b>14.276</b>

## Skýringar

### 21. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Fræðslu- og nefndakostnaður .....	1.934	6.097
Hæfileikarnótun - Handboltaskóli .....	645	674
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækja .....	444	528
Kaup á búningum .....	3.757	1.908
Sjóppa .....	132	225
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	0	670
Annað .....	306	195
<b>Samtals</b>	<b>7.219</b>	<b>10.296</b>

### 22. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Vaxtatekjur .....	89	105
Gengismunur .....	247	311
<b>Samtals</b>	<b>336</b>	<b>416</b>

### 23. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Vaxtagjöld skammtimalána .....	178	949
Önnur vaxtagjöld og kostnaður .....	4	347
Fjármagnstekuskattur .....	19	23
<b>Samtals</b>	<b>202</b>	<b>1.319</b>



## Skýringar

### Efnahagsreikningur

#### 24. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir sundurliðast sem hér segir:

Kerfi	31.12.2020	31.12.2019
Bókfært virði í upphafi tímabils	523	1.977
Afskriftir	(523)	(1.454)
<b>Bókfært virði í lok tímabils</b>	<b>0</b>	<b>523</b>
Kerfi	31.12.2020	31.12.2019
Stofnverð	10.445	10.445
Afskrifað	(10.445)	(9.922)
<b>Bókfært virði í lok tímabils</b>	<b>0</b>	<b>523</b>

#### 25. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur	14.096	13.584
Varúðarniðurfærsla	(135)	(135)
<b>Samtals</b>	<b>13.961</b>	<b>13.449</b>

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

#### 26. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Virðisaukaskattur	3.415	461
Fyrirframgreiddur kostnaður	15.014	7.448
Kortafyrirtæki	115	610
<b>Samtals</b>	<b>18.544</b>	<b>8.518</b>

#### 27. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Bankainnstæður í íslenskum krónum	10.447	290
Bankainnstæður í erlendum myntum	14.283	0
Sjóður	0	371
<b>Samtals</b>	<b>24.729</b>	<b>661</b>

#### 28. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreidd laun og launstengd gjöld	2.949	2.798
Dómarakostnaður - vörslufé	2.219	0
Ferðagjafnunnarsjóður	3.075	3.514
Fyrirframinnheimtar tekjur	10.084	16.143
<b>Samtals</b>	<b>18.327</b>	<b>22.455</b>

## 12. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis

Þingforseti bauð orðið laust fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þórir Haraldsson, þingfulltrúi Selfoss, bauð um orðið.

Þórir byrjaði á því að þakka stjórn HSÍ og félögunum í landinu, formönnum og stjórnendum fyrir samstarfið á liðnu ári. Það væri margs að minnst þar en ekki síst að þetta hafi verið ár breytinga þar sem hreyfingin öll hafi þurft að hafa mjög gott og náð samband og samráð. Þó að kannski ekki allir hafi verið sammála þá sagði Þórir að alltaf hafi náðst niðurstaða sem allir hafi getað sætt sig við. Reyndar hafi verið mismikil ánægja með niðurstöður síðasta árs en það væri bara svoleiðis. Hann lýsti yfir sérstakri ánægju með peningamálin og niðurstöðu hjá HSÍ. Það væri algjör forsenda fyrir því að hægt væri að starfa, að peningamálin væru í lagi. Það væri bara ekki hægt að ljúka þessu án þess að þakka starfsfólki HSÍ og framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki fyrir mjög gott samstarf og þrekvirki við erfiðar aðstæður, bæði innanlands og erlendis, í þessu sóttvarnarrugli sem hafi verið í gangi. Þórir tók fram að hann væri alls ekki að gagnrýna starfsmenn HSÍ þegar hann orðaði þetta svona. Þetta hafi bara verið alveg ótrúlegar áskoranir sem allir hafi þurft að takast á við. Hann taldi að hreyfingin sem heild þyrfti að hafa í huga niðurstöðu þeirra á Selfossi sem væri að starfsfólk félagsins og starfslið væri alveg geysilega mikils virði við þær aðstæður sem uppi væru. Að svona verkefni sem hreyfingin hafi verið að fást við í þessum sóttvarnarmálum, svo sem sóttvarnarfulltrúar, sóttthreinsanir, breytingar út og suður, fram og til baka, það væri eiginlega orðið óframkvæmanlegt með sjálfboðavinnu. Það væri bara staðreynd sem horfast þyrfti í augu við.

Nokkrum atriðum vildi Þórir þó vekja athygli á sem betur mættu fara, sérstaklega í sambandi við covid. Hann sagði það alveg rétt að ríkisvaldið hafi komið til fjárhagsaðstoðar við íþróttahreyfinguna með rausnanlegum hætti en það næði því miður mjög skammt. Hann sagði hreint út að það væri ekki rétt að náðst hafi að tryggja rekstrarafkomu íþróttahreyfingarinnar í landinu. Það væri bara vitleysa. Rosalega mikið tekjufall væri hjá félögunum og verulegir rekstrarörðugleika, allavega innan handboltans. Hann tók sem dæmi að á Selfossi hafi náðst að skila hagnaði í rekstri undanfarin fjögur ár. Samt væri félagið í mjög miklum vandræðum núna. Reksturinn væri mjög erfiður, það væri mjög þungt framundan og það væri ekki af því að félagið væri með einhvern uppsafnaðan halla. Þórir taldi að þetta væri staðan mjög víða. Hann gagnrýndi þá taktík sem íþróttahreyfingin hafi notað gagnvart stjórnvöldum í covid. Sagði hann að fólk í hreyfingunni, stuðningsfólk, stuðningsaðilar og styrktaraðilar spyrði „bíddu hvar er íþróttahreyfingin“ og „það heyrir ekkert frá henni“. „Hvar er handboltahreyfingin“ „það heyrir ekkert frá henni“. Þórir tók fram að hann væri ekki að gagnrýna endilega það sem hafi verið sagt eða gert en það væri hans skoðun að þarna hafi verið gengið of skammt. Að sýnilegur þrýstingur hafi skilað öðrum árangri gagnvart stjórnvöldum. Það væri hægt að rekja þess dæmi. Núna væri komið að því annað árið í röð að aðaluppskerutími og tekjuöflunartími handboltafélaganna væri sleginn út af borðinu. Bara núllað út. Þrátt fyrir að mögulega væri hægt að hefja æfingar fljótlega þá væri þriggja vikna stopp og nánast útilokað að áhorfendur megi mæta á úrslitaleiki Íslandsmótsins. Uppskeruhátíðirnar hjá yngri flokkunum væru að detta út hver á fætur annari.

Útlit væri fyrir tekjulausu tímabil með miklum útgjöldum. Og ekki hafi heyrst orð á opinberum vettvangi frá HSÍ um það. Ekki eitt. Um þá erfiðleika sem væru framundan. Þóri fannst ekki ráðlegt að fara í fulla úrslitakeppni við slíkar aðstæður. Það myndi aðeins bæta kostnaði á félögin. Hugsa þyrfti um hvernig hreyfingin kæmi út úr þessu ári og inn í næsta ár. Áskoranirnar framundan væru rosalega erfiðar og Þórir taldi að mörg félög eða flest félögin væru í mjög erfiðri stöðu. Þau hafi kannski verið að bera sig vel en þegar þau myndu svo missa út tekjuöflunartímabilið, misstu þau líka út sýnileikann. Félögin gætu misst út sambandið við sjálfboðaliðana og sýnileika styrktaraðilana sem kaupa auglýsingar í hús, á búninga og svo framvegis. Þórir sagði að þetta ætti eftir að verða mjög erfið staða og vildi því að umræðan væri tekin í hreinskilni og að haldið yrði mjög vel á spilunum.

Þórir tók undir orð formanns stjórnar HSÍ að handboltinn í heild ætti bjart framundan. Hins vegar minnti hann hreyfinguna á að horfa í eigin barm og „ég ætla bara að halda áfram að vera aðeins leiðinlegur,“ sagði hann. Talað hafi verið um vandamál kvennahandboltans, að það þurfi að fjölga liðum og bæjarfélögum en Þórir gagnrýndi harðlega vinnubrögð þjálfara og formanna félaga þegar kæmi að leikmannamálum. Dæmi væru um að samningsbundnir leikmenn á aldrinum 15-16 ára fengu símtöl frá þjálfurum og formönnum félaga með gylliboð um að koma til annara félaga. Þetta væru börn, sagði Þórir og endurtók sig til að leggja áherslu á orð sín. Honum fannst handboltahreyfingin þurfa að horfa í eigin barm og viðurkenna að þetta væru ekki vinnubrögð sem hreyfingin vildi halda.

Að lokum endurtók Þórir að hreyfingin væri á réttri leið og það að fjárhagur HSÍ væri kominn á réttan kjöl velti rosalega stórum steini frá og gæti lagað leiðir framundan.

Þingforseti bauð orðið aftur laust.

Formaður, Guðmundur B. Ólafsson, fékk orðið.

Guðmundur þakkaði Þóri fyrir hans inntak í umræðuna. Hann var sammála um að það má alltaf gera betur. Hins vegar taldi hann sig geta fullyrt að enn væri verið að vinna í fjármálum og styrkjum gagnvart ríkisvaldinu inn í íþróttahreyfinguna. Sú vinna væri unnin undir forystu ÍSÍ vegna þess að það gætu ekki allir verið þar bankandi á dyr. Sú vinna væri því stöðugt í gangi. Ýmiss úrræði stæðu íþróttafélögum fyrir dyrum eins og lokunarstyrkir og slíkt ef menn sýndu fram á tekjufallið og það Guðmundur alla um að kynna sér það sem væri í boði og endilega sækja um það og tryggja handboltahreyfingunni sem mest af því framlagi sem menn gætu fengið. Varðandi það hvað HSÍ ætti að vera sýnilegt í umræðunni varðandi þessa hluti sagði Guðmundur að tekin hafi verið sú ákvörðun, hvort sem hún væri rétt eða röng, að fylkja okkur á bak við ÍSÍ sem forystuaflið gagnvart stjórnvöldum og teldi stjórn HSÍ það samstarf hafa verið farsælt. Guðmundur sagðist ekki vera maður mikilla orða um það að vera að gaspra um eitthvað sem menn hefðu kannski ekki nógu mikið vit á, eins og varðandi þessar sóttvarnarreglur og annað slíkt. Þá sagði hann ekki víst að svoleiðis umræða, að maður sé í fjölmiðlum og gagnrýna þessa hluti, skili neitt rosalega miklu. Hann hélt jafnvel að slík umræða gæti skaðað handboltahreyfinguna af því að það væri mikill einhugur meðal þjóðarinnar á bak

sóttvarnarreglurnar. Þrýstingurinn væri sannarlega fyrir hendi. HSÍ væri í beinu sambandi við ráðuneytið. Sambandið væri að reyna að þrýsta á hluti þar til þess að reyna að fá þá í gegn, og þó svo að það færi kannski ekki hátt þá væri HSÍ að beita þessum þrýstingi með öðrum sérsamböndunum. Sent hafi verið bréf með körfuknattleikssambandinu og knattspyrnusambandinu til þess að þrýsta á þessar niðurstöður. Guðmundur ítrekaði að hans skoðun væri sú að það að vera á einhverjum forsíðum í blöðum eða á vefmiðlum til að gagnrýna sóttvarnarstefnuna myndi ekki skila neinum árangri. Þá hvatti hann félögin til að leita allra leiða, allra möguleika sem í boði væru varðandi fjárstyrki og sagði að sambandið myndi sannarlega halda áfram að þrýsta á að fá eins mikið bætt og kostur væri. Guðmundur sagði það vera alveg rétt sem Þórir sagði að úrslitakeppnin myndi hugsanlega leiða til enn meiri íþyngingar fyrir félögin ef áhorfendur fengju ekki að mæta. Litlar líkur væri á því að áhorfendur yrðu leyfðir en finna þyrfti bara þá leið sem væri hagkvæmust fyrir alla og ákveða, hvernig ljúka ætti mótinu.

Að lokum þakkaði Guðmundur Þóri fyrir umræðuna og sagði að öll jákvæð gagnrýni væri góð.

Fleiri báðu ekki um orðið.

Þingforseti opnaði fyrir rafræna kosningu um skýrslu stjórnar og ársreikning síðasta árs. Opið var fyrir atkvæði í 5 mínútur.

*Skýrsla stjórnar og ársreikningur síðasta árs voru samþykkt samhljóma.*

### **13. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ, þar með talið þáttökugjöld, fyrir næsta starfsár**

Þingforseti bauð Arnar Þorkelsson upp í pontu til að kynna fjárhagsáætlun næsta árs.

Sem hluta af fjárhagsáætlun lagði Arnar fram mótagjöld fyrir tímabilið 2021-2022. Tillagan um þáttökugjöld var óbreytt frá fyrra ári.

Fjárhagsáætlun sambandsins hljóðaði upp á að sambandið myndi skila hagnaði upp á tæpar 2 milljónir á komandi ári. Eins og komið hefur fram er árið 2021 mikið óvissuár og sagði Arnar að erfitt væri að áætla hverjar tekjurnar yrðu sem og kostnaðurinn í kringum afreksstarf HSÍ. Óvíst væri hvaða verkefni myndu fara fram og áfallinn kostnaður væri núþegar orðinn hár, bæði vegna HM í Egyptalandi og þeirra landsliðsverkefna sem þegar hefðu farið fram.

Þingforseti lagði til að fjárhagsáætluninni yrði vísað til fjárhagsnefndar.

Engin andmæli bárust.

*Fjárhagsáætlun var vísað til fjárhagsnefndar.*

#### 14. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri HSÍ, steig í pontu og kynnti tillögur um breytingar á lögum.



**64. ársþing HSÍ**  
**12. apríl 2021**

#### **Þingskjal nr: 4**

**Tillaga um lög HSÍ**  
**Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ**

#### 15. gr. Kosning stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ er kosin á handknattleiksþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 9 menn.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til tveggja ára, næst skal kjósa 4 stjórnarmenn til tveggja ára. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn til eins árs. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar **hafi ekki framboð borist í öll embætti stjórnar.**

#### **Greinargerð**

Heimild uppstillingarnefndar til að samþykkja framboð sem kemur fram eftir að framboðsfrestur hefur liðið á eingöngu að ná til ef framboð í viðkomandi embætti hefur ekki borist.



**64. ársþing HSI  
12. apríl 2021**

## **Þingskjal nr: 5**

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

### **VI. kafli Nefndir HSI**

#### **19. gr. Fastanefndir**

Stjórn HSI skal að loknu handknattleikspingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. aganefnd
- b. búninganefnd
- c. deildarnefnd
- d. dómaranefnd
- e. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- f. heiðursmerkjanefnd
- g. laganefnd
- h. landsliðsnefnd karla
- i. landsliðsnefnd kvenna
- j. læknanefnd
- k. mótanefnd
- l. móttökunefnd
- m. markaðs- og kynningarnefnd

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar HSI samkvæmt lögum, siðareglum og reglugerðum sambandsins. Stjórn HSI skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

Handknattleiksping HSI getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli handknattleikspinga til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

**Stjórn HSI skal leitast við að jafna hlutdeild kynja við skipun í nefndir innan HSI.**

Stjórn HSI getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

#### **Greinargerð**

Stefna stjórnar HSI er að auka hlutdeild kvenna í starfi HSI og vill stjórn HSI hvetja konur til starfa innan nefnda HSI



**64. ársþing HSI**  
**12. apríl 2021**

## **Þingskjal nr: 6**

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

### **33. gr. Kæruréttur/málskotsréttur.**

Rétt til kæru/málsskots hefur hver sá einstaklingur og það félag sem **telur að** misgert **hafi verið við sig ~~er~~ við** og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls.

### **Greinargerð**

Orðalagsbreyting



**64. ársþing HSI  
í 2. apríl 2021**

## **Þingskjal nr: 7**

**Tillaga um lög HSI**

**Flutningsaðili: Laganefnd HSI**

### **45. gr. Dómsniðurstöður.**

Dómstólar HSI geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

1.        dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
- 1.2. ákveðið hver ber kostnað af framkvæmd leiks ef það ber að endurtaka þá
- 2.3. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til HSI
- 3.4. ákveðið sektir á aðildarfélög
- 4.5. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

### **Greinargerð**

Í lögum HSI var tekið ekki á því hver ber kostnað ef endurtaka þarf leik. Í ofangreindri tillögu er það sett í hendur dómstóla að úrskurða um það





**64. ársþing HSI**  
**12. apríl 2021**

## **Þingskjal nr: 8**

**Tillaga um lög HSI**

**Flutningsaðili: Laganefnd HSI**

### **57. gr. Önnur atvik**

Stjórn HSI hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi handknattleik innan vébanda ÍSÍ sem lög þessi eða reglugerðir HSI ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Í algerum undantekningartilfellum, svo sem ef ytri aðstæður og/eða fyrirmæli stjórnvalda hindra framkvæmd leikja, er stjórn HSI heimilt að gera breytingar á mótafyrirkomulagi skv. lögum þessum með setningu nýrra reglna eða reglugerða.

Þessi heimild nær til fækkun leikja, niðurfellingu leikja, breytingu eða niðurfellingu á úrslitakeppnum eða umspili eða ákvörðunar um niðurstöðu keppna án leikja **og breytingu félagaskiptatímabils.**

Slíkar breytingar skulu aðeins gilda fyrir yfirstandandi keppnistímabil hvert sinn.

Við brot á ákvæðum laga þessara hefur stjórn HSI heimild til að beita viðkomandi viðurlögum sem getið er um lögum þessum og reglugerðum sambandsins verði þeim ekki skotið til aganefndar eða dómstóls HSI.

### **Greinargerð**

Á formannafundi í janúar kom fram beiðni aðildarfélaga að lengja félagaskiptatímabilið í ljósi Covid. Stjórn HSI skorti lagaheimild til að framkvæma þá ósk og er hér bætt úr því.

## IX. kafli Mótafyrirkomulag

### 51. gr. Handknattleiksmót

#### A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- a) ~~9-10~~ lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) ~~10-11~~-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- d) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

#### Ákvæði til bráðabirgðar:

Fjölga skal í Olís deild kvenna tímabilið 2021-2022 og skulu 10 lið leika í deildinni það keppnistímabilið.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

~~Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2.-5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.~~

Ef liðin í úrvalsdeild eru 10 eða færri þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



**64. ársþing HSI**  
**12. apríl 2021**

## **Þingskjal nr: 9**

**Tillaga um lög HSI**

**Flutningsaðili: Handknattleiksdeild HK**

### **Greinargerð**

Eins og staðan er núna eru of fá lið í Olísdeild – leikmenn dreifa sér á of fá lið – fáir leikmenn eru að fara úr Olísdeildinni í grilldeildina og vilja frekar vera á bekknum í Olísdeildinni.

Leiðin til þess að stabilisera sig í Olísdeildinni eftir að hafa farið upp í Olís er litil og lið sem fara aftur niður eru í mikilli hættu með að springa og leikmenn fara bara í önnur lið.

Þetta fyrirkomulag gerir að verkum að fleiri lið fá einhver hlutverk eftir deild – fleiri lið í úrslitakeppni – nánast bara liðið sem fellur og liðið sem vinnur sig beint upp sem ekki hafa hlutverk eftir deild.

# Afreksstefna HSÍ

## Inngangur

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- d. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi.

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórn mál og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

## Almenn atriði

Handknattleikssamband Ísland rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki. Markmið landsliða Íslands er að komast á öll lokamót, hvort sem um ræðir Ólympíuleika, Evrópu- eða heimsmeistaramót auk þess að taka þátt í hluta þeirra æfingamóta sem eru í boði hverju sinni.

Æðsti draumur ungra handknattleiksiðkenda er að komast í landslið Íslands og því er mikilvægt að afreksstarfið sé sýnilegt, hvort sem er hjá yngri landsliðum eða A landsliðum. Ungir iðkendur þurfa að hafa fyrirmyndir og finna að landsliðsdraumurinn geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Afreksstarfinu er stýrt af stjórn HSÍ sem kosinn er á ársþingi. Stjórnin skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum þjálfara og annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við framkvæmdarstjóra. Skrifstofa HSÍ sér um daglegan rekstur landsliðanna, skipulag á æfingum, keppni og öðrum verkefnum.

Þessi stefna var unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ í samstarfi við aðra sem koma að starfi sambandsins, s.s. stjórnarmenn, nefndarmenn, þjálfurum landsliða og aðilum úr fagteymum. Stefnan er tekin fyrir af stjórn HSÍ árlega á síðasta fundi fyrir ársþing HSÍ, auk þess skal hún vera kynnt á síðasta formannafundi fyrir ársþing. Þá skal stefnan vera samþykkt á ársþingi sambandsins á hverju ári.

Afreksstefnan er í raun tímalaus og með möguleika á breytingum sem ársþingi HSÍ þarf að samþykkja.

Stjórn HSÍ og skrifstofa vinna að aðgerðaráætlun þar sem fram koma tímasett markmið fyrir afreksstefnu sambandsins ásamt leiðum að þeim markmiðum. Aðgerðaráætlun hefur verið frestað um 1 ár vegna Covid-19, stefnt er að því að kynna aðgerðaráætlun á formannafundi veturinn 2021-2022 og leggja hana til samþykktar sem viðauka við afreksstefnu á ársþingi 2022.

## Almenn þátttaka

Fjöldi iðkenda í handbolta hefur lítið breyst undanfarin ár. Fjölgun iðkenda eru mestu leyti háð góðu starfi innan félaganna en þó hefur HSÍ komið að þeim málum líka.

Helstu tækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar eru þegar A-landslið ná góðum árangri á stórmótum. Í kjölfarið hefur fjöldi barna mætt á æfingar og farið að stunda íþróttina.

Þegar rýnt er í iðkendatölur má sjá að handbolti á undir högg að sækja á landsbyggðinni og er nánast eingöngu stundaður í stærstu bæjarfélögum landsins. Stefna HSÍ er að kynna handbolta í minni bæjarfélögum, bjóða uppá opnar æfingar og halda stutt námskeið fyrir þjálfara og dómara. Í framhaldi verður komið á svæðisbundnum 7. og 8. flokks mótum til að ýta undir frekari þátttöku yngri iðkenda. Mikilvægt er að byggja grasrótina á þessum stöðum svo hægt verði að halda úti frekari starfi þar.

Þá er má einnig benda á að fækkun í kvennaflokkum á meðan karlaflokkar hafa frekar sótt í sig veðrið. Mikilvægt er að halda vel utan um kvennastarfið, búa til fyrirmyndir og gera tengingu iðkenda við landsliðið og íþróttina í heild sinni sterkari.

Stefna sambandsins er að fjölga iðkendum um 20% fyrir 2024 og mun fræðslu- og útbreiðslunefnd móta áætlun um frekari fjölgun iðkenda með sérstaka áherslu á fjölgun stúlkna innan greinarinnar.

HSÍ stendur fyrir Íslandsmóti fyrir 6. flokk og uppúr (frá 10 ára aldri). Mót eru einnig haldin fyrir 7. og 8. flokk (6 – 9 ára) en þar er ekki keppt um titla. Þess má geta að sérstök mót eru haldin fyrir 7. og 8. flokk á norðurlandi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að útbreiðslumálum og mótanefnd ásamt mótastjóra HSÍ vinna að mótamálum.

## Dómarar

Markmið HSÍ er að nægt framboð sé af dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum og riturum bæði hjá HSÍ og félögum. Félagin geta pantað dómaranámskeið og útskrifað þannig A stigs dómara en B og C stigs námskeið eru haldin hjá HSÍ 1-2 á ári. Námskeið fyrir ritara og tímaverði eru haldin að hausti áður en deildarkeppnin hefst og hafa þau verið vel sótt.

C stigs dómarar (deildardómarar) þurfa að standast próf þrisvar á hverju keppnistímabili. Á haustfundi, janúarfundi og að vori á fundi fyrir úrslitakeppni. Þar eru lögð fyrir bæði þolpróf og skrifleg próf. Þeir dómarar sem ekki hafa staðist prófin fá ekki að dæma í efstu deild. Undanfarin ár hefur þreppþjálfari starfað með handboltadómurum í 6 vikur að sumri.

Ísland hefur átt dómarapör í fremstu röð á alþjóðavísu í mörg ár og stefnan er að eiga áfram dómara sem komast á stórmót í handbolta. Til þess þarf að styðja við unga dómara, hjálpa þeim að þróast og komast á alþjóðavettvang (EHF young referee).

HSÍ á tvö alþjóðleg dómarapör og auk þess hafa tvö yngri pör verið í þjálfun hjá EHF, stefna HSÍ er að eiga þrjú alþjóðlega dómarapör hverju sinni og verður því markmiði að öllum líkindum náð 2021.

Alþjóðadómarapörin skulu vera fyriryndir annarra handknattleiksdómara og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem þeim býðst á erlendri grundu (nema þegar úrslitahelgi bikarkeppninnar og lokaúrslit Íslandsmótsins fara fram).

Skipulagning og vinna í dómaramálum HSÍ er unnin af dómara nefnd í samstarfi við skrifstofu HSÍ.

### Fræðslumál þjálfara

Þjálfaramenntun HSÍ er byggt upp samkvæmt stöðlum Rinck áætlunar evrópska handknattleiks-sambandsins.;

1. stig, þjálfun barna (6. - 8. flokkur)
2. stig, þjálfun unglunga (3. – 5. flokkur)
3. stig, þjálfun meistaraflokks (afreksþjálfun)
4. stig, EHF Mastercoach

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Þrjár helgar eru fráteknar á hverju ári fyrir þjálfaranámskeið.

Starfandi þjálfarar í meistaraflokki skulu hafa viðurkennda þjálfaramenntun skv. RINCK menntakerfi EHF og hafa lokið 3. stigi. Félögin og þjálfarar skulu þó fá aðlögunartíma til að geta brugðist við nýjum reglum þegar kemur að menntun þjálfara. Lágmarkskröfur á menntun þjálfara í yngri flokkum þarf að vinna í framhaldi þó þannig að félög og þjálfarar hafi eðlilega aðlögunartíma.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að fræðslumálum.

### Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun

Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ í mótum á vegum EHF/IHF. Að sama skapi teljast þeir hópar sem keppa á vegum HSÍ á mótum á vegum EHF/IHF afrekshópar.

Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem HSÍ boðar til, auk allra leikja.

#### Yngri landslið

Afreksstarf HSÍ hefst með handboltaskóla fyrir 13 ára stelpur og stráka, hann fer fram í byrjun júní ár hvert. Þar gefst hverju félagi tækifæri til að senda fjóra leikmenn sem æfa saman eina helgi undir stjórn unglíngalandsliðsþjálfara. Þá fara einnig fram ýmsar prófanir á vegum Háskólans í Reykjavík sem safna upplýsingum í rannsókn um hvað þarf til að vera framtíðarlandsliðsmaður.

Mikið er lagt uppúr því að kunna að vera í landsliði, leikmenn læri ákveðin gildi og fara eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður. Unnið er markvisst að því að leikmenn taki ábyrgð á eigin þjálfun og samskiptum og kunni að bregðast við mótlæti.

*U-14/15 ára landslið*, hefst að hausti eftir handboltaskóla HSÍ. Liðið æfir 4-5 sinnum á ári og þar af tvisvar í tvískiptum hóp, þar sem árgangarnir æfa sinn í hvoru lagi. Margir leikmenn fá að spreyta sig og hæfileikar einstaklinganna skoðaðir. Hér hefst undirbúningur fyrir frekara landsliðsstarf, leikmenn kynnast því hvernig er að æfa í landsliði og fá smjörþefinn af því sem koma skal.

*U-16/17 ára landslið*, frekar unnið að uppbyggingu liðs. Leikaðferðir eldri landsliðanna kynntar fyrir leikmönnum og unnið markvisst að því að búa til liðsheild. Umgjörð liðsins eykst, leikmenn fá æfingafatnað og fleiri starfsmenn koma að æfingunum. Liðið fer á æfingamót erlendis.

*U-18/19 ára landslið*, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Umgjörð á æfingum meiri en áður og mikið lagt uppúr faglegri þjálfun. Unnið með styrktarþjálfara á æfingum og líkamleg próf tekin reglulega þannig hægt sé að fylgjast með framgangi og uppbyggingu leikmannanna.

*U-20/21 ára landslið*, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Áframhaldandi vinna með styrktarþjálfara á æfingum og leikmenn prófaðir reglulega. Þá er tenging á milli þjálfarateyma u-20 ára landsliðs og A landsliðs, þannig að leikmenn eigi auðveldara með að taka síðustu skrefin, hvort sem er í A landslið eða í atvinnumennsku.

Töluverður munur hefur verið á árangri yngri landsliða karla og kvenna undanfarna áratugi og því eru markmið liðanna mismunandi eftir kyni. Markmið yngri landsliða karla er að vera meðal 8 efstu liða á bæði HM og EM hverju sinni og tryggja þannig sæti á næstu stórmótum. Markmið yngri landsliða kvenna er að komast reglulega á stórmót og festa sig í sessi þar fyrir 2024.

#### **A & B landslið**

*A-landslið*, þar spila og æfa okkar bestu handboltamenn hverju sinni. Liðinu er stýrt af færum þjálfurum sem hafa sannað sig í alþjóðahandbolta og öll umgjörð er eins og best verður á kosið. Það á að vera draumur hvers handboltamanns að komast í A landslið.

Markmið A landslið karla er að vera inni á Ólympíuleikjum en til þess þarf að sýna stöðugleika á HM og EM (skammtíamarkmið) og tryggja þannig sæti á Ólympíuleikum.

Markmið A landslið kvenna er að komast inná stórmót (HM og EM) og spila þar reglulega.

*B-landslið* æfir 3-4 sinnum á ári undir stjórn A landsliðsþjálfara og u-20/21 ára þjálfara. Hópurinn er ætlaður þeim leikmönnum sem næstir eru A landsliðinu hverju sinni. Þar er hægt koma þeim inn í leikaðferðir A landsliðs og undirbúa þá fyrir frekari frama.

#### **Þjálfarar landsliða**

Allir þjálfarar landsliða skulu hafa gengið í gegnum þjálfaranám HSÍ eða sambærilega menntun erlendis. Til að þjálfari í handboltaskóla HSÍ, u-14 eða u-16 ára landsliði skulu þjálfarar hafa lokið 2. stigi þjálfaramenntunar. Þjálfarar u-18 og u-20 ára landsliða skulu hafa klárað 3. stig þjálfaramenntunnar. Þjálfarar A landsliða skulu hafa MasterCoach gráðu frá EHF. Aðeins er hægt að gera undantekningu frá þessu ef þjálfarar er þegar skráðir í námið þegar þeir hefja störf fyrir HSÍ (nánar um menntun þjálfara annars staðar í afreksstefnu).

Þjálfurum yngri landsliða ber að vera faglegir í vali sínu á leikmönnum í landslið og vera í góðu sambandi við þjálfara félagsliða. Þjálfurum ber að horfa ekki eingöngu á þá leikmenn sem snemma verða hæfileikaríkir heldur einnig þá sem geta hjálpað liðinu til framtíðar. Mikil áhersla er lögð á samræmi í þjálfun á milli landsliða og að sömu leikaðferðum sé beitt í grunninn. Þjálfurum ber að skila skýrslu um sitt landslið í lok hvers árs.

*Yfirþjálfari yngri landsliða* stýrir starfi yngri landsliðanna. Hann markar stefnu landsliðanna hverju sinni, skipuleggur landsliðsæfingar, gerir æfingaáætlanir og veitir landsliðsþjálfurum þá stýringu sem

þarf til. Þá tengir yfirþjálfarinn saman A landslið og yngri landslið, samrýmir leikaðferðir og hefur yfirsýn yfir þá leikmenn sem æfa með yngri landsliðunum. Yfirþjálfarinn sér um ráðningar á þjálfurum yngri landsliða í samráða við framkvæmdastjóra HSÍ.

*Markmannsþjálfari* fylgir hverju landsliði og kemur reglulega inná æfingar. Markmannsþjálfarar vinna saman eftir leiðbeiningum markmannsteymis HSÍ fyrir hvern aldur.

*Styrkþjálfari* sér um styrktarþjálfun landsliðanna. Hann fylgist með framvindu leikmanna og ráðleggur varðandi framhaldið (í samstarfi við þjálfara leikmannsins þar sem það á við).

*Leikgreiningar* eru stór þáttur af leiknum og sérstaklega mikilvægur á stórmótum. Allir landsliðsþjálfarar HSÍ hafa aðgang að leikgreiningarhugbúnaði og eiga að vinna sínar greiningar þar. Ísland var snemma framarlega á sviði leikgreininga og mikilvægt er að halda þeirri þekkingu við svo hún skili sér til yngri þjálfara. Stefnan er að búa til stóran æfingabanka sem allir þjálfarar hafa aðgang.

## Fagteymi

Nokkur fagteymi starfa á HSÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum. Hlutverk fagteyma er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Auk þess er sambandið í nánú samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem sér um ýmskonar mælingar á landsliðsmönnum o.fl.

*Sjúkraþjálfarar* fylgja yngri landsliðum í allar keppnisferðir og eru reglulega á æfingum. Hjá A landsliðum eru sjúkraþjálfara á öllum æfingum auk þess tveir sjúkraþjálfarar ferðast með liðinu í öll mót og leiki. HSÍ hefur skipað sjúkraþjálfarateymi og þar er unnið að áætlun hvernig skuli unnið með leikmenn. Hér er átt við fyrirbyggjandi æfingar, fyrstu viðbrögð þegar leikmenn slasast á æfingum og langtímameðferðir. Áætlunin verður kynnt fyrir félögum þegar hún er tilbúin.

*Sjúkranuddari* ferðast með A landsliðunum í alla leiki og er til taks á æfingum og milli æfinga hér heima.

*Læknar* ferðast með A landsliðum í alla leiki erlendis og eru til taks þar. Handknattleikssambandið hefur einnig greiðan aðgang að sérfræðilæknum hér heima og hægt er að leita til þeirra með stuttum fyrirvara.

*Næringarfræðingur* er til taks hjá HSÍ og hefur sérstaklega verið nýttur með yngri landsliðum. Þar fá framtíðarlandsliðsmenn, þjálfara og foreldrar að vita allt það helsta sem hafa ber í huga varðandi næringu og mataræði íþróttafólks.

*Andleg þjálfun*, íþróttasálfræði kynnt fyrir leikmönnum með ýmskonar markmið og skipulag í huga. Auk þess fara yngri landsliðin í gegnum fyrirlestra þar sem vakin er athygli á því að vera með lífið á hreinu og hvernig afreksmaður í íþróttum getur undirbúið lífið eftir boltann.

*Mælingar* í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Upplýsingum er safnað um líkamlegt atgervi leikmanna allra landsliða, greining á líkamlegri getu leikmanna og hvað má betur fara. Þetta starf veitir sambandinu mikla möguleika á gagnasöfnun um afreksmenn framtíðarinnar og fá þannig vitneskju um þróun þeirra frá yngri flokkum til A landsliðs. Þá hefur HR einnig staðið fyrir rannsóknum á getu og hæfni leikmanna í handboltaskóla HSÍ (13 ára stelpur og strákar).



Það er stefna HSÍ að halda fagteymum í sama horfi og þau hafa verið, en bæta í rannsóknir á leikmönnum t.a.m. um hámarkspól og hámarksstyrk. Einnig er ætlunin að fara í rannsóknir á fyrirbyggjandi æfingum og sjá þar hvort hægt sé minnka áhættu á meiðslum með réttum aðferðum sem henta íþróttinni. Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er hluti þeirra þegar hafinn.

## Aðstaða

HSÍ býr í raun ekki að neinni aðstöðu, annarri en skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ekki er til eiginlegur þjórleikvangur og sambandið býr ekki að æfingaaðstöðu. Sambandið er í raun háð því að fá lánaða eða leigða æfingatíma hjá aðildarfélögum sínum. Félögin eru hvött til að halda áfram góðu samstarfi við HSÍ í þessum efnum og að liðka til fyrir æfingar og leiki á vegum sambandsins.

Framtíðarmarkmið HSÍ er að geta haldið stórar æfingahelgar þar sem öll landsliðin æfa á sama stað, bæði æfingar með bolta og styrk auk fyrirlestra og annars sem tengist afreksstarfi sambandsins en til þess þarf nýjan íþróttahöll þar sem öll aðstaða þarf að vera til staðar. Erfitt er fyrir sambandið að gera sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, hér verða yfirvöld að stíga inn en á þessu aðstöðuleysi þarf að vinna bragabót svo að íþróttin megi dafna og tryggt verði að framgangi landsliða okkar verði í framtíðinni jafn glæsileg og hingað til. Nauðsynlegt er að ríki og borg hefji viðræður við íþróttahreyfinguna um lausn þessara mála. HSÍ mun halda áfram að vinna að því í samvinnu önnur íþróttasambönd.

## Fjármögnun

Opinberir styrkir standa undir um 30% af reksri handknattleikssambandsins á hverju ári. Það er um að ræða styrki frá afrekssjóði, Lottó, útbreiðslustyrk og ríkisstyrk. Mismunurinn er fenginn með sölu auglýsinga, sölu aðgöngumiða á landsleiki, styrkjum frá 25 samstarfsaðilum auk sjónvarpssamnings. HSÍ býr enn við að láta leikmenn yngri landsliða borga fyrir sínar ferðir erlendis en framtíðarmarkmið er að afrekssjóður og styrktaraðilar standi undir rekstri allra landsliðanna.

Aðalmarkmið HSÍ undanfarin misseri hefur verið að gera reksturinn markvissari og greiða upp skuldir. Frá 2020 er reiknað með því að hægt sé að styrkja leikmenn yngri landsliða á keppnisferðum, þannig að þeir greiði fasta upphæð fyrir hverja ferð í stað þess að borga allan þann kostnað sem til fellur. Í framhaldi af því verður svo hægt að skoða frekari þátttöku HSÍ í kostnaði á þátttöku yngri landsliða erlendis.

Fjármögnunin er unnin af stjórn HSÍ í samstarfi við framkvæmdastjóra og skrifstofu.

## Niðurlag

Helstu markmið HSÍ til framtíðar eru að öll landslið komist í lokakeppnir stórmóta, hvort sem um ræðir A landslið eða yngri landslið. Það er ekki sjálfgefið að komast þangað og krefst mikillar vinnu, en þessa vinnu þekkir fólk innan hreyfingarinnar.

Til þess að þetta gangi eftir þarf að áframhaldandi góðu vinna á öllum vígstöðvum (innan vallar sem utan) og það mikilvægasta af öllu er grasrótin, hún má ekki gleymast.

Handbolti á sér langa og góða sögu á Íslandi; fræknir sigrar á erlendri grundu, verðlaun á stórmótum, leikmenn í stærstu liðum heims o.s.frv. Það er því leitt að hugsa til þess að enn vantar peninga svo reka megi yngri landsliðin með góðu móti. Þau er ennþá háð söfnunum landsliðsmanna og leggja þeir á sig mikla vinnu til að komast í keppnisferðir.

Það er von okkar að stækkun afrekssjóðs skili sér rækilega í afreksstarfið en að sama skapa má ekki slaka á þegar kemur að styrktaraðilum og öðrum tekjulindum HSÍ.

Þingforseti lagði til að þingskjöllum yrði öllum í heild sinni vísað til laga- og allsherjarnefndar til umfjöllunar í þinghléinu.

Engar athugasemdir bárust

*Tillögum til breytinga á lögum var vísað til allsherjar- og laganefnar.*

#### **15. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar**

Stjórninni bárust engar tillögur eða önnur mál að þessu sinni.

*----- Þinghlé meðan þingnefndir starfa -----*

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna aftur eftir hlé og óskaði eftir uppfærðri stöðu frá kjörbréfanefnd.

Kjartan Vídó Magnússon steig í pontu og fór aftur yfir mætingu þingfulltrúa. Hann sagði að kjörbréfanefnd myndi svo fara yfir tölurnar og láta þingforseta vita um fjölda atkvæða.

#### **16. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær**

Þingforseti bauð Arnar Þorkelsson upp í pontu til að gera grein fyrir störfum fjárhagsnefndar.

Arnar þakkaði þeim sem mættu í fjárhagsnefnd fyrir góðar umræður. Það var samróma álit nefndarinnar að leggja fram fjárhagsáætlun og mótagjöld næsta árs á óbreyttu formi.

Þingforseti lagði fjárhagsáætlun fram til samþykktar og opnað var fyrir rafræna kosningu í þrjár mínútur.

*Fjárhagsáætlun næsta árs var samþykkt samhljóða.*

Guðmundur B. Ólafsson kynnti störf allsherjar- og laganefndar. Hann kynnti allar tillögurnar áður en greitt var atkvæði um þær og gaf svo þingforseta orðið.

Þingforseti fór yfir framkvæmd kosningu þingskjalanna. Opið var fyrir atkvæði í 3 mínútur fyrir hverja tillögu og þingforseti stýrði atkvæðagreiðslunni og kynnti niðurstöður fyrir hvert þingskjal jafnóðum.

Þingskjal nr. 4

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

*Þingskjal 4 var samþykkt með 52 atkvæðum.*

Þingskjal nr. 5

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

*Þingskjal 5 var samþykkt með 48 atkvæðum.*

Þingskjal nr. 6

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

*Þingskjal 6 var samþykkt með 50 atkvæðum.*

Þingskjal nr. 7

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

*Þingskjal 7 var samþykkt með 45 atkvæðum gegn 2 atkvæðum.*

Þingskjal nr. 8

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

*Þingskjal nr. 8 var samþykkt með 54 atkvæðum.*

Þingskjal nr. 9

Mikil umræða skapaðist í nefndinni um stöðu kvennahandboltans í dag. Í ljósi þeirrar umræðu lagði stjórn HSÍ fram frávísunartillögu.

**Frávísunartillaga frá stjórn HSÍ hljóðar svo:** Stjórn HSÍ leggur til að breytingu á þingskjali 9 verði vísað frá og að tillögunni að öðru leyti verði vísað til stjórnar til umfjöllunar um stöðu kvennahandboltans og skipuð nefnd þar um.

Guðmundur sagði það einföldustu leiðina að vísa skjalinu frá og gefa stjórninni boltann um að taka upp alvöru umræður um stöðu kvennaboltans. Fram hafi komið í umræðu nefndarinnar að kjarninn í tillögu HK væri að opna á umræðu um stöðu kvennahandboltans. Guðmundur hrósaði þeim fyrir að vekja máls á stöðunni.

Niðurstaða allsherjar- og laganefnd var að vísa tillögu HK frá með þeim formerkjum að stjórnin tæki við því.

Áður en þingforseti bar frávísunartillöguna undir atkvæði bauð hann orðið laust fyrir umræður.

Engin bað um orðið.

Þingforseti bar upp frávísunartillögu stjórnar til samþykktar.

*Frávísunartillaga stjórnar var samþykkt með 47 atkvæðum gegn 5 atkvæðum.*

Ekki var því þörf á að kjósa um þingskjal nr. 9.

Þingskjal nr. 10

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

*Þingskjal nr. 10 var samþykkt með 43 atkvæðum gegn 2 atkvæðum.*

## **17. Önnur mál**

Þingforseti bauð orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Engin önnur mál voru á dagskrá.

## **18. Kosning stjórnar**

Kosið var í fimm embætti í stjórn, hvert um sig til tveggja ára.

Í eftirfarandi fjögur embætti var aðeins einn frambjóðandi um hverja stöðu og töldust þeir því allir sjálfkjörnir.

- |  |                       |
|--|-----------------------|
| • Framboð til formanns HSÍ:                          | Guðmundur B. Ólafsson |
| • Framboð til varaformanns HSÍ:                      | Davíð B. Gíslason     |
| • Framboð til formanns landsliðsnefndar karla:       | Páll Þórólfsson       |
| • Framboð til formanns markaðs- og kynningarnefndar: | Jón Viðar Stefánsson  |

Tvö framboð bárust til formanns fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ:

- Daði Hafþórsson
- Inga Lilja Lárusdóttir

Þingforseti bauð þeim að ávarpa þingið áður en kosning hófst. Inga Lilja bað um orðið.

Inga kynnti sig með fullu nafni og sagðist vera 46 ára gömul frá Akureyri. Nú væri hún gift, tveggja barna móðir og byggji í Mosfellsbænum. Hún hefur starfað sem fjármálastjóri Vélfangs síðustu 4 ár. Áður vann hún sem aðalbókari Háskólans í Reykjavík í 15 ár. Inga spilaði handbolta með Þór

upp alla yngri flokkana og með meistaraflokki KA/Þór þegar það var að byrja. Hún var formaður handknattleiksdeildar Aftureldingar í 10 ár ásamt því að vera formaður barna- og unglíngaráðs í 7 ár. Þá stofnaði hún, ásamt Einari Andra og Ásgeiri Sveinssyni, handboltaakademíu við FMOS árið 2015. Inga sat í varastjórn HSÍ síðastliðin þrjú ár. Á síðasta ársþingi var kallað eftir því að fleiri konur kæmu inn í aðalstjórn og þess vegna ákvað Inga að bjóða fram krafta sína að þessu sinni. Að lokum sagðist hún hafa brennandi áhuga á handbolta og hafi verið í kringum hann í um 40 ár sem leikmaður, móðir leikmanns, starfsmaður, formaður deildar og stjórnarmaður.

Daði Hafþórsson bað ekki um orðið.

Þingforseti opnaði fyrir rafræna kosningu í sæti formanns fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ.

Niðurstöður kosninganna voru sem hér segir:

- Daði Hafþórsson hlaut 9 atkvæði.
- Inga Lilja Lárusdóttir hlaut 42 atkvæði.

Inga Lilja Lárusdóttir var því réttkjörin formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ til næstu tveggja ára.

Framboð til varastjórnar HSÍ til eins árs:

- Alfreð Örn Finnsson
- Guðmundur Þór Jónsson
- Hrafnhildur Ósk Skúladóttir

Töldust þau öll sjálfkjörin.

## **19. Kosning 2 skoðunarmanna og 2 til vara**

Tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga voru:

- Magnús Gunnar Erlendsson
- Theódór Ingi Pálmason

Til vara voru tveir eftirtaldir skoðunarmenn tilnefndir:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Engin mótframboð eða aðrar tillögur bárust.

Tilnefndir tveir skoðunarmenn og tveir varaskoðunarmenn töldust allir réttkjörinir.

## **20. Kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir**

Þingforseti bað Davíð B. Gíslason, varaþingforseta, að taka við stjórn þingisins vegna þess að hann gaf sjálfur kost á sér í dómstól HSÍ.

Tilnefndir þrír aðaldómarar í dómstól HSÍ voru:

- Bjarki Þór Sveinsson
- Grímur Sigurðsson
- Sigurður Smári Hilmarsson

Þrír varamenn í dómstól HSÍ voru tilnefndir:

- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Eiríkur Elís Þorláksson
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

*Þau töldust öll réttkjörin sem dómarar í dómstól HSÍ.*

## **21. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir**

Tilnefndir þrír aðaldómarar voru:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Tilnefndir þrír varadómarar voru:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

*Töldust þeir allir réttkjörnir í áfrýjunardómstól HSÍ*

## **22. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ**

Samkvæmt venju lagði þingforseti fram þá tillögu að vali á fulltrúum á íþróttaping yrði vísað til stjórnar. Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust. Þingforseti lagði tillöguna fram til samþykktar.

*Samþykkt samhljóða að val á fulltrúum á íþróttaping ÍSí yrði sett í hendur stjórnar HSÍ.*

### **23. Þingslit**

Þingforseti gaf nýkjörnum formanni, Guðmundi B. Ólafssyni, orðið til að slíta þinginu.

Guðmundur taldi þingið hafa gengið vel þrátt fyrir að það hafi verið haldið með óhefðbundnum hætti. Verkefni framundan væru ær, meðal annars að taka ákvörðun um hvernig ljúka ætti mótinu þetta tímabilið. Síðan væru þau verkefni sem meðal annars voru rædd á þinginu, um stöðu kvennahlíðboltans og framtíðarskipulag hans. Jafnframt hvernig væri hægt að fjölga iðkendum í handboltanum á þessu núna næstum 100 ára afmæli handboltans á Íslandi sem væri núna þessi ár 2021-2022. Guðmundur vænti góðs samstarfs áfram og þakkaði þingfulltrúum góða þingsetu og sagði þinginu slitið.

Þingi slitið.